

FLE BLAÐIÐ

Janúar 2022



Félag löggiltra
endurskoðenda

1. tölublað
44. árgangur

FLE á bjarta framtíð fyrir sér

Hvar væri viðskiptalífið án endurskoðenda?

Hvað eru frjálsir
sjóðir hlutafélaga?

Rafmyntir og
reikningsskil

Áhrif áhættu vegna
loftslagsbreytinga
á reikningsskil

Almannaheillafélög

FYLGJT ÚR HLADI

Enn á ný kemur út áhugavert FLE blað með greinum um endurskoðun, skattamál og reikningsskil. Við fjöllum um arðgreiðslur, spyrjum hvað viðskiptalífið væri án okkar endurskoðenda, rafmyntir og tækni tengdri þeim, nýja almannaveillaskrá og sígilt umræðuefni, sem er áhættumat. Síðast en ekki síst þá fjöllum við um hvernig loftslagsbreytingar eru að komast á verkefnaskrána hjá okkur. Loftlagsbreytingar verða sameiginlegt úrlausnarefni mannkyns næstu áratugi og hlaut því að koma að því að málið kæmi inn á borð okkar endurskoðenda, enda fátt mannlegt okkur óviðkomandi. Loftlagsbreytingar snerta nú þegar störf endurskoðenda, til dæmis í skýrslum með ársreikningnum, sérstökum grænum innlánnum og grænum útlánnum banka. Verkefni okkar vegna þessa vágests munu án efa aukast á næstu árum enda munu veðurfarsbreytingar hafa áhrif á rekstur ýmissa fyrirtækja og efna-hag þeirra.

Og enn geisar veiran nú í byrjun janúar 2022 eins og enginn sé morgundagurinn og við erum í einangrun, sótt-kví, heimavinnandi eða í 10-20 manna hólum á vinnustaðnum eftir því hvernig sóttvarnaraðgerðir standa hverju sinni. En breytingin sem hefur orðið frá því fyrir ári síðan er að við erum orðin svo vön þessum takmörkunum að við hristum þær af okkur, notum grímur og fjarfundi og vonum að veiran verði horfin eftir mánuð með örvunar-skammtinum góða. Hver veit? Það er allt í lagi að vona. En líkt og loftlagsbreytingar er COVID-19 vandamál alls mannkyns og verður ekki leyst nema með sameiginlegu átaki.

Janúar 2022

Herbert Baldursson, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson og Birta Mogensen

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Ritnefnd FLE: Herbert Baldursson, formaður, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson og Birta Mogensen

Prentun: Litróf

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Janúar 2022, 44. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Fylgt úr hlaði.....	3
FLE á bjarta framtíð fyrir sér.....	4
Hvar væri viðskiptalífið án endurskoðenda?.....	8
Áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil.....	10
Hvað eru frjálsir sjóðir hlutafélaga?	14
Rafmyntir og reikningsskil	16
Almannaheillafélög.....	22
Nýir löggiltir endurskoðendur 2021	23
Starfsemi FLE á nýliðnu ári.....	24
Lattelepjandi áhættumat.....	29
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE.....	30
Til hamingju með afmælið - árið 2022	31



Ritnefnd FLE, frá vinstri: Herbert Baldursson, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson og Birta Mogensen



Ég tel að það sé mikilvægt að endurskoðendur á Íslandi eigi sér félag saman sem meðal annars vinnur að hagsmuna- og framfaramálum á starfssviði endurskoðenda og er vettvangur skoðanaskipta um fagleg málefni stéttarinnar

FLE Á BJARTA FRAMTÍÐ FYRIR SÉR

VIÐTAL VIÐ HÓLMGRÍM BJARNASON NÝJAN FORMANN FLE

PERSÓNAN HÓLMGRÍMUR

Hverra manna ertu og hvaðan ertu?

Ég er bóndasonur að norðan. Foreldrar mínir Bjarni Hólmgrímsson og Sigríður Guðmundsdóttir voru bændur og bjuggu á Svalbarði á Svalbarðsstönd í Eyjafirði.

Hvernig var að alast upp?

Ég er svo heppinn að ég átti í raun alveg yndislega barnæsku. Ólst upp í stórri og góðri fjölskyldu og í minningunni alla vega var alltaf gaman. Að mínu mati voru það ákveðin forréttindi að fá að alast upp á sveitabæ þar sem ýmislegt var nú brallað sem ég er nú ekki viss um að væri allt leyft í dag.

Í hvaða skólum varstu?

Það var nú ekki kominn leikskóli á Svalbarðsströnd þegar ég var að alast upp en ég gekk í Grunnskóla Svalbarðsstrandar, var þar í 1. - 6. bekk en síðan fór ég í Hrafnagilsskóla í 7.-9. bekk. Eftir grunnskóla fór ég í Menntaskóla Akureyrar og eftir það lá leiðin suður í háskóla þar sem ég fór í viðskiptafræði í HÍ.

Hvar hefur þú búið?

Fyrstu 20 ár ævinnar bjó ég í sveitinni en flutti svo til Reykjavíkur þar sem ég bjó fyrst í Vesturbænum og síðan í Grafarvogi samtals í um 12 ár með um eins árs hléi þar sem ég bjó í Winnipeg í Kanada þar sem ég var að vinna hjá Deloitte í skiptiprógrammi. Fyrir um 16 árum fluttum við hjónin svo til Akureyrar þar sem við höfum búið síðan.



Hólmgrímur og kona hans Guðný Margrét

Eiginkona og börn?

Eiginkona mín heitir Guðný Margrét Sigurðardóttir, alltaf kölluð Gréta. Hún er hjúkrunarfræðingur og vinnur á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Við eigum fjögur börn, Katrínu sem er 21 árs og er að læra læknisfræði í HÍ, Kára sem er 18 ára og er í Menntaskólanum á Akureyri, Bjarna sem er 17 ára og er í Verkmenntaskólanum á Akureyri og Sigurð sem er 10 ára og er í Brekkuskóla á Akureyri.

Hvað gerir þú utan vinnunnar?

Heimilið er stórt þannig að lífið utan vinnu snýst mikið um fjölskylduna og heimilisstörf. Þá hef ég alltaf reynt að láta heilsu-



Hólmgrímur vinnur hjá Deloitte á Akureyri

ræktina hafa sinn sess með misjöfnum árangri þó. Það nýjasta í því eru göngur en við hjónin settum okkur til dæmis það markmið núna um áramótin að ganga alla vega sitthvora 1000 kílómetrana á árinu 2022 okkur til heilsubótar. Annars finnst mér líka afskaplega gott að vera bara heima hjá mér í rólegheitum og slaka á.

Skemmtisögur?

Kann nú lítið af svoliðið en konan mín hefur alltaf svolítið gaman af þeirri staðreynd að þegar ég var að byrja í Menntaskólanum þá heimtuðu eldri systur mínar þrjár að ég yrði á heimavistinni þó að það væri ekki nema um 10 mín akstur þaðan sem ég bjó í skólann og ég á bíl. Ástæðan var sú að þær sögðu að ég væri svo ófélagslyndur að ég yrði að fara á vistina, annars yrði ég bara heima í fjósi og myndi aldrei ganga út. Á heimavistinni var ég sem sagt í fjóra vetur sem voru reyndar alveg frábærir og veit ekki betur en að þetta ráð þeirra systra hafi virkað vel.

ENDURSKOÐANDINN HÓLMGRÍMUR

Starfsferill?

Ég ólst upp við hefðbundin sveitastörf þangað til ég flutti til Reykjavíkur eftir menntaskóla, þá vann ég eitt ár í Rúmfatalagernum sem þá var í Auðbrekku í Kópavogi

áður en ég byrjaði í viðskiptafræðinni. Þegar ég var á þriðja ári í viðskiptafræðinni byrjaði ég að vinna með skóla hjá Þema endurskoðun sem síðar varð Grant Thornton. Eftir útskrift úr viðskiptafræðinni árið 1998 fór ég að vinna hjá Endurskoðunarskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar sem fljótlega rann inn í Deloitte og hef ég unnið þar síðan, þar af eitt ár hjá Deloitte í Winnipeg í Kanada.

Af hverju að fara í löggildingu?

Það var nú þannig að þegar ég var að alast upp í sveitinni þá ætlaði ég að sjálfsögðu að verða bóndi. Ég komst hins vegar fljótlega að því að áhuginn og kannski færnin líka lá meira í tölunum og rekstrinum sem slíkum heldur en í umhirðu dýranna og vélanna. Ég ákvað því að skella mér í viðskiptafræði og þegar þangað var komið vakti endurskoðun fljótlega áhuga minn og því skellti ég mér í hana og sé svo sannarlega ekki eftir því.

Hvað er skemmtilegast við endurskoðunina?

Það er svo margt. Í grunninn hef ég alltaf haft mjög gaman að tölum og rekstri og í endurskoðuninni fæ ég heldur betur að fást við það. Starfið er í raun mjög fjölbreytt og maður fær að kynnast og starfa með allskonar fólki og vinna fyrir allskonar fyrirtæki og stofnanir.





Hólmgrímur í góðum félagsskap á Haustráðstefnu FLE 2021

Þá er líka mjög gaman að fá að fást við krefjandi verkefni og það er svo magnað að maður er alltaf að læra eitthvað nýtt þó að maður sé búinn að vera lengi í bransanum. Mér finnst ráðgjafarhluti starfsins ekki síður skemmtilegur en sjálf endurskoðunarvinnan, meðal annars að geta hjálpað fólki og fyrir-tækjum að gera enn betur.

Svo er nú alltaf dálítið gaman þegar hlutirnir stemma í debet og kredit.

Hvað er leiðinlegast við endurskoðunina?

Það er nú sem betur fer ekki mikið sem mér dettur í hug í því sambandi. Kannski sífellt auknar kröfur til skráningar á öllu því sem við gerum og sífellt stífara regluverk sem við þurfum að fara eftir í störfum okkar. Kannski líka sú staðreynd að það er mun meiri eftirspurn eftir kröftum okkar á fyrri hluta ársins heldur en þeim seinni sem getur kallað á töluvert álag í vinnunni okkar þegar mest gengur á.

FORMAÐURINN HÓLMGRÍMUR

Áherslur nýkjörinnar stjórnar og starfið framundan?

Þær eru svona í mótun, meðal annars er stefnt að vinnufundi stjórnar með formönnum fastanefndanna fljótlega til að leggja línurnar en ég á svo sem ekki von á neinum stórfelldum breytingum. Mér finnst þó líklegt að skerpt verði enn frekar

á hlutverki félagsins sem hagsmunafélags bæði hvað varðar ímynd félagsmanna sem og að fylgjast með og taka þátt í þeirri umræðu og þróun sem á sér stað á alþjóðlegum vettvangi.

Eins og við vitum er mikið um að vera sem getur leitt af sér miklar breytingar á störfum okkar og get ég t.d. nefnt væntanlega gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um sjálfbærniskýrslur sem og yfirferð á endurskoðunartilskipuninni og síðast en ekki síst væntanlegur staðall um endurskoðun lítilla félaga frá staðlaráðinu. Það er mikilvægt að við fylgjumst náið með og upplýsum félagsmenn og aðra hagsmunaaðila um framvindu mála. Einnig get ég nefnt áframhaldandi samtal við Ársreikningaskrá og ráðuneytið um skilafresti ársreikninga til Ársreikningaskrár, sem og að viðhalda góðum samskiptum við alla aðila sem tengjast störfum endurskoðenda.

Þá finnst mér líklegt að áfram verði lögð áhersla á gott framboð af endurmenntun og í því samhengi að bjóða áfram upp á streymi og eftir atvikum upptökur frá námskeiðum og fundum félagsins ef það hentar.

Einnig held ég að það verði áfram lögð áhersla á félagslega þáttinn í starfsemi félagsins. Ég held að hann sé mikilvægur og þó að ég sé á því að það sé mikill kostur að bjóða upp á streymi frá fundum og námskeiðum á vegum félagsins held ég að það sé mikilvægt að við hættum ekki að hittast í raunheimum. Hér

hefur COVID-19 ástandið því miður haft töluverð áhrif undanfarin tvö ár en þó að útlitið í þeim málum sé því miður ekkert sértaklega gott eins og er þá vona ég nú að það fari að lagast með hækkandi sól.

Á síðasta stjórnarfundinum var rætt talsvert um nýliðun í stéttinni sem mætti vera meiri og fyrirkomulag löggildingarprófa í því samhengi og finnst mér líklegt að þeirri umræðu verði haldið áfram.

ÁHRIF NÝRRRA LAGA UM ENDURSKOÐENDUR

Hvað hefur breyst með nýjum lögum um endurskoðendur og endurskoðun?

Það var náttúrulega ýmislegt sem breyttist með nýju lögum. Til dæmis færðist umsjón gæðaeftirlits sem hafði verið talsvert stór þáttur í starfsemi félagsins frá félaginu til Endurskoðendaráðs. Þá var skylduaðild að félaginu felld niður sem hefur þó enn sem komið er ekki haft mikil áhrif.

FLE – hvað verður um það og hvernig verður það?

Ég held að FLE eigi bjarta framtíð fyrir sér. Ég tel að það sé mikilvægt að endurskoðendur á Íslandi eigi sér félag saman sem meðal annars vinnur að hagsmuna- og framfaramálum á starfssviði endurskoðenda og er vettvangur skoðanaskipta um fagleg málefni stéttarinnar. Í því sambandi held ég að það sé samt mikilvægt að við pössum upp á að félagið þróist í takt við hagsmuni og þarfir félagsmanna, ekki síst núna þegar búið er að fella niður skylduaðild að félaginu.

Hvað er fleira á döfinni?

Það er ýmislegt á döfinni hjá félaginu. Stjórn félagsins stefnir til dæmis að því að halda vinnufund fljótlega með formönnum fastanefndanna til að taka stöðuna og ræða meðal annars hvernig væri hægt að efla nýliðun í félaginu, hverjar ættu að vera áherslur stjórnar næsta árið og hver ætti að vera framtíðarsýn og meginhlutverk félagsins.

Þann 28. janúar næstkomandi verður hinn árlegi skattadagur félagsins haldinn og daginn fyrir hann verður boðið upp á áhugavert námskeið þar sem Árni Claessen endurskoðandi mun fjalla um gæði og gagnsemi upplýsinga í ársreikningnum. Í febrúar, mars og apríl verður boðið upp á áhugaverð morgunkorn og í maí verður árlegur endurskoðunardagur haldinn.

Í faglegum málum er talsvert um að vera hjá félaginu. Meðal annars hefur verið unnið í samstarfi við Reikningsskilaráð að yfirferð á drögum Reikningsskilaráðs að leiðbeiningum um upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetningu þeirra. Fulltrúi FLE er í norrænum starfshópi um innleiðingu á nýjum alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um endurskoðun einfaldra félaga. Félagið er með fulltrúa í vinnuhóp um ný lög um bókhald. Félagið er búið að setja á laggirnar sérstakan vinnuhóp um sjálfbærni skýrslur og tekur fulltrúi úr þeim vinnuhóp þátt í norrænum vinnuhóp um málið. Þá er fyrirhugað áframhaldandi samtal við ársreikningaskrá og ráðuneytið um tímafresti á skilum á ársreikningum til Ársreikningaskrár svo eitthvað sé nefnt.

Að lokum má nefna að hún Hrafnhildur skrifstofustjórinn okkar hefur ákveðið að láta af störfum núna í sumar eftir langt og farsælt starf hjá félaginu og er vinna hafin við að leita að eftirmanni hennar. Ég vil nota tækifærið hér og þakka Hrafnhildi kærlega fyrir afar góð störf í þágu félagsins.

FLE FERÐ ERLENDIS – ER SLÍKT Á TEIKNIBORÐINU

Félagið hefur staðið fyrir ferðum erlendis á nokkurra ára fresti. Síðast var farið til Brussel árið 2018 sem mér vitandi heppnaðist mjög vel. Það er mín skoðun að svona ferðir séu mikilvægur liður í félagsstarfi endurskoðenda en nei því miður þá er slík ferð ekki á teikniborðinu eins og stendur og spilar þetta COVID-19 ástand inn í það. Vonandi mun það nú samt líða hjá og það komi að því að við getum farið aftur saman í skemmtilegar ferðir erlendis.

Viðtal: Herbert Baldursson og Birta Mogensen





Endurskoðendur styðja á hverju ári við framgang viðskipta með störfum sínum sem framkvæmd eru með gott siðferði, heiðarleika og faglega gagnrýni að leiðarljósi

HVAR VÆRI VIÐSKIPTALÍFIÐ ÁN ENDURSKOÐENDA?

Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá EY

Í síbreytilegu rekstrarumhverfi nútímans skipta traust og áreiðanleiki öllu máli og fer það vel saman við hlutverk endurskoðenda. Endurskoðendur gegna grundvallarhlutverki í viðskiptalífínu og erfitt er að hugsa sér hvernig það ætti að ganga fyrir sig án þess mikilvæga hlutverks sem þeir gegna. Endurskoðendur styðja á hverju ári við framgang viðskipta með störfum sínum sem framkvæmd eru með gott siðferði, heiðarleika og faglega gagnrýni að leiðarljósi. Auk þess að styðja við fyrirtæki með sérfræðiráðgjöf sköpum við traust með óháðum staðfestingum sem eru oft grundvöllur þess að viðskipti geti átt sér stað. Jafnframt getum við haft áhrif á að búa til betri heim til að lifa og starfa í fyrir okkur öll.

Við erum um þessar mundir að upplifa miklar breytingar á endurskoðunarmarkaði og í heiminum öllum og eðlilegt að velta því fyrir sér hvað þær þýða fyrir stéttina í heild sinni. Ég tel að aldrei hafi verið eins mikil þörf fyrir þjónustu þá sem við veitum sem stétt og aldrei eins mikil tækifæri til staðar fyrir endurskoðendur til að hafa áhrif á samfélagið eins og nú. Ekki bara er mikilvægi staðfestinga fjárhagsupplýsinga jafnmikið ef ekki meira en áður með auknu flækjustigi viðskipta og framþróun á tækni, heldur bætast sjálfbærnimálin nú við. Ekki einungis staðfestingar þeirra heldur einnig ráðgjöf og framsetning skýrsla. Það er því ljóst að fjölga þarf í stéttinni svo við mætum fyrir sjáanlegri aukinni eftirspurn eftir þjónustu okkar.

Við þessar aðstæður ætti ungt fólk að flykkjast til stéttarinnar þar sem tækifærin til að hafa áhrif á samfélagið til góðs eru mikil og einnig er um að ræða spennandi og fjölbreytt starf þar sem laun eru samkeppnishæf ...en er það svo?

Nei, það er eiginlega ekki þannig, ekki hér á landi og ekki heldur í löndunum í kringum okkur þar sem þróunin er í þá átt að æ fleiri kjósa að yfirgefa störf hjá endurskoðunarfyrirtækjum og velja önnur störf. Það hefur lengi loðað við starfið að ungt fólk lítur á það sem undirbúning fyrir annað og betra starf og einnig höfum við einhvern vegin sætt okkur við að launin fyrir þá sem eru að hefja starfsferil sinn í endurskoðun séu ekki samkeppnishæf við laun sem endurskoðendur geta fengið á markaði. Lausnin á launamuninum hefur fram til þessa falist í að starfsfólk á endurskoðunarstofum hefur oft unnið myrkranna á milli til að bæta sér upp lægri laun með yfirvinnu.

En af hverju skyldi það vera að við sættum okkur við það eins og náttúrulögmál að viðskiptalífið og opinberir aðilar geti greitt ungu fólki hærri laun en endurskoðunarfyrirtæki? Getur verið að við sjálf gerum okkur ekki grein fyrir mikilvægi endurskoðenda sem stéttar og að það hafi áhrif á verðlagningu á þjónustunni?

Þeir sem hafa verið lengi í faginu muna örugglega eftir umræðunni um væntingabil í endurskoðun þar sem væntingar viðskiptavina og notenda endurskoðaðra reikningsskila fór ekki saman við það sem raunverulega fólst í endurskoðun. Þetta væntingabil hefur dregist mjög saman en myndast hefur nýtt væntingabil þar sem mikilvægi þjónustunnar er ekki í öllum tilvikum metið að verðleikum og kemur það fram með ýmsum hætti. Má þar nefna, framlag hins opinbera þar sem stéttinni sjálfri er gert að fjármagna gæðaeftirlit endurskoðenda, slægleg viðbrögð við beiðnum frá Félagi löggiltra endurskoðenda um einfaldar breytingar á lögum t.a.m. til að laga mistök í lagasetn-

ingu, miklar tafir á innleiðingu Evrópulöggjafar er varða málefni stéttarinnar og enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar við að þýða þá staðla sem endurskoðendum ber að vinna eftir við endurskoðun svo eitthvað sé nefnt. Mér þætti alveg eðlilegt að hið opinbera bæri kostnað við gæðaeftirlitið enda um að ræða mikilvægan þátt í að viðhalda gæðum í endurskoðun sem aftur eru afar mikilvæg í að viðhalda virku viðskiptalífi. Einnig ber á skorti á skilningi á mikilvægi þjónustu endurskoðenda af hálfu fyrirtækjanna sem kemur fram í of miklum þrýstingi á lækkun þóknunar á sama tíma og kröfur eru sífellt að aukast í formi aukinnar hæfni, aukins eftirlits, tækniþróunar og aukinna krafna í alþjóðlegum stöðlum og alþjóðaviðskiptaumhverfi.

Við þessar aðstæður er hætt á því að endurskoðunarfyrirtæki haldi ekki hæfasta starfsfólkinu á hverjum tíma í vinnu þar sem mikil samkeppni er á markaði um sérfræðinga með þann bakgrunn sem starfsfólk endurskoðunarfyrirtækja hefur. Endurskoðunarfyrirtækin eiga því erfiðara og erfiðara með að greiða samkeppnishæf laun auk þess sem álag er mikið í greininni. Við þessar aðstæður skapast hvati hjá fólkinu okkar til að yfirgefa stéttina og snúa sér að öðrum störfum og felst í þeirri stöðu mikil áhætta fyrir samfélagið allt. Endurskoðendur sem stétt verða að vinna að því að minnka þetta væntingabil í þá átt að þjónustan sem við veitum verði metin að verðleikum og fyrir hana verði greidd þannig þóknun að sérfræðingar sem hafa árum saman þróað færni sína til starfans geti vel við unað.

En lífið snýst ekki bara um peninga og það eru fjölmargir aðrir þættir sem skipta miklu máli við val á vinnustað og oft skipta þeir þættir til lengri tíma miklu meira máli en peningar.

Endurskoðendur sem stétt verða að vera að fullu meðvitaðir um það að framtíð okkar sem stéttar byggir fyrst og fremst á fólki. Við verðum að vinna að því öllum árum að búa til sveigjanlegt starfsumhverfi þar sem boðið er upp á að fólk vinni störfin á ýmsum stöðum og ýmsum tímum og þar sem fjölbreytileikanum og vaxtarhugarfari er fagnað. Starfsumhverfi sem laðar að sér hæfileikaríkt fólk sem vill vinna í krefjandi umhverfi þar sem hæfileikar þeirra fá að njóta sín og störf þeirra stuðla að sjálfbærri framtíð. Nokkur atriði hafa verið dregin fram sem mikilvæg í þeirri vegferð:

- **Mikilvægi hraðari og stöðugrar þróunar í starfi** hefur sjaldan verið eins þýðingarmikið og nú til að ná að nýta sér tækifæri framtíðarinnar og staðna ekki heldur viðhafa vaxtarhug til frekari persónulegrar þróunar. Stéttin er að berjast við of langa leið til starfsframa hjá þeim sem valið hafa endurskoðunina sem fag. Endurskoðendur framtíðarinnar telja ávinningin af því mikla álagi sem er í greininni ef til vill ekki nægan þar sem starfstækifæri og skjóttari starfsframa er að finna í öðrum störfum á markaði. Fyrirkomulag löggildingarprófa og sá tími sem það tekur að öðlast réttindin hefur ítrekað verði nefnt sem atriði sem hefur mikinn fælingarmátt og huga þarf að framþróun í þeim efnum.

- **Mikilvægi þess að huga að vellíðan og úthaldi starfsfólks.** Starf endurskoðenda er árstíðabundið og virkilega krefjandi á þeim tímabilum sem álagið er mest. Á þeim tímabilum takast á skyldur við vinnu, fjölskyldu og aðra þætti og oft er samræming þeirra hreint ekki einföld og tekur oft mikinn toll af andlegri og líkamlegri vellíðan. Við sem stétt verðum að róa að því öllum árum að jafna út vinnuálagið og í því sambandi gera kröfur á hið opinbera að það komi á móts við þær þarfir. Í því sambandi er ég helst að hugsa um tvennt, annars vegar tímasetningar skila á ársreikningum og skattframtölum þar sem aukins skilnings virðist gæta en áður og hins vegar andstaða við að samþykkja að sum félög hafi annað reikningsár en almanaksárið.

Eins er mikilvægt að styðja við starfsfólk þannig að það hafi orku og úthald, bæði líkamlega og andlega. Það gerist ekki að sjálfu sér, mikilvægi reglulegrar hreyfingar, svefns og heilbrigðs mataræðis spilar þar stórt hlutverk til að hægt sé að viðhalda úthaldi til lengri og skemmri tíma lítið. Slökun og íhugun í ýmsu formi er jafnframt stór þáttur sem og að ná andrými inn á milli. Hvetja þarf og styðja við þessa þætti. Eins ættum við ekki að sætta okkur lengur við að það að vera endurskoðandi þýði sjálfkrafa að búa við óhóflegt vinnuálag og setja okkur markmið um að útrýma yfirvinnu nánast með öllu.

- **Mikilvægi þess að geta tekist á við breytingar og aukinn sveigjanleika í starfsumhverfinu.** Það hafði áður verið ákveðin þróun í starfsumhverfinu í átt að meiri sveigjanleika og aukinni tækni og sjálfvirkni en með tilkomu COVID-19 var heimurinn á einni nóttu færður inn nýjan veruleika sem er enn í þróun og við þátttakendur í. Það er mikilvægt að búa yfir þeirri færni að geta tekist á við breytingar og tileinka sér þennan aukna sveigjanleika sem er til staðar í starfsumhverfinu. Ekki er bara mikilvægt að takast á við breytingar sem við komumst ekki hjá með jákvæðum og uppbyggilegum hætti, heldur höfum við sem stétt tækifæri til að vera leiðandi í breytingum, bæði til að gera starfið og það sem því fylgir eftirsóknarverðar og einnig til að geta aðstoðað viðskiptavinum okkar til að verða einnig leiðandi. Þannig getum við haft jákvæð áhrif á samfélagið allt.

Það er enginn tími til að bíða og sjá til hvernig þróunin verður heldur verðum við að hafa frumkvæði að því að þróa stéttina áfram svo hún verði sjálfbær og geti haldið áfram að gegna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað. Starfsumhverfið er breytt - annað hvort þróumst við með og upplifum ávinning þess eða við stöðnum eða hverfum.

Margrét Pétursdóttir





Fyrirtæki, sem og opinberir aðilar, þurfa því að huga að áhrifum áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil sín og gera viðeigandi ráðstafanir sem fyrst.

ÁHRIF ÁHÆTTU VEGNA LOFTSLAGS-BREYTINGA Á REIKNINGSSKIL

Jóhann I.C. Solomon, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.
Svanhildur Skúladóttir, reikningsskilasérfræðingur hjá KPMG ehf.

INNGANGUR

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að umræða um loftslagsbreytingar hefur aukist til muna síðustu árin, aðallega í tengslum við náttúruhamfarir og aðgerðir þjóða heims til að koma böndum á hlýnun jarðar af mannavöldum.

En það sem hefur verið minna áberandi í opinberri umræðu eru möguleg áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil. Augljós dæmi í þessu sambandi eru þegar náttúruhamfarir, til dæmis flóð eða skógareldar, eyðileggja eignir og raska starfsemi, sem hafa umsvifalaust áhrif á gerð og framsetningu reikningsskila þeirra aðila sem í hlut eiga. En áhrifin á reikningsskil geta einnig verið vegna annarra atburða sem eru ekki eins augljós en tengjast engu að síður loftslagsbreytingum, svo sem vegna breytinga á regluverki, tækni, kauphegðun viðskiptavina, stefnumótun og viðskiptamódeli fyrirtækja, skilmálum fjármálagerninga og kröfum fjárfesta og eftirlitsaðila.

Einnig ber að hafa í huga að loftslagsbreytingar þurfa ekki endilega að hafa í för með sér eingöngu neikvæð áhrif á efnahagslega starfsemi. Í loftslagsbreytingum felast einnig tækifæri fyrir þá sem þróa og bjóða lausnir við loftslagsvanda. Slíkir aðilar

geta laðað til sín fjármagn með útgáfu hlutabréfa og skulda-bréfa, aflað fjármuna og aukið tekjur með sölu umhverfisvænna lausna til viðskiptavina. Öll þessi viðskipti hafa áhrif á reikningsskil þeirra.

MISMUNANDI ÁHRIF

Áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil kunna að verða mismikil eftir því í hvaða atvinnugreinum fyrirtæki starfa. Eðli máls samkvæmt má búast við því að mestu áhrifin verði hjá fyrirtækjum sem reka mengandi starfsemi. Hins vegar eru fyrirtæki sem starfa í öðrum atvinnugreinum ekki laus allra mála því áhrifin geta einnig komið fram í atvinnugreinum þar sem þeirra er síst að vænta. Sem dæmi má nefna fjármálafyrirtæki, þar sem áhrifin geta meðal annars komið fram í gegnum útlán til fyrirtækja, í kröfum fjárfesta um upplýsingagjöf og breytingar á regluverki. Í þessu sambandi má nefna að Basel-nefndin um bankaeftirlit gaf í apríl 2021 út tvær skýrslur sem fjalla annars vegar um hvernig áhætta vegna loftslagsbreytinga getur haft áhrif á banka og bankakerfi og hins vegar hvaða aðferðir bankar geta notað til að mæla fjárhagslega áhættu sem tengist loftslagsbreytingum. Basel-nefndin mun í framhaldinu meta hvort breyta þurfi stöðlum um bankaeftirlit vegna þessa.



Áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á einstaka þætti reikningsskila kunna einnig að vera mismunandi, allt frá því að þau takmarkist við upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar eða skýringum til þess að þau leiði til breytinga á afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi, með tilheyrandi áhrifum á kennitölur, arðgreiðslumöguleika og virði fyrirtækja.

ÁHRIF Á ÍSLANDI

Jafnvel þó umfjöllun um áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil hafi til þessa farið fram að mestu leyti erlendis eru reikningsskil íslenskra fyrirtækja og opinberra aðila alls ekki ónæm fyrir þessum áhrifum. Nú þegar eru komin fram dæmi um slík áhrif, til að mynda vegna færslu og upplýsingagjafar um losunarheimildir og útgáfu grænna og blárra skuldabréfa. Í viðtali við Bjarna Herrera, forstöðumann sjálfbærni hjá KPMG, sem birt var á vefsíðu Innherja þann 30. desember 2021 kemur meðal annars fram að „Útgáfa sjálfbærra skuldabréfa á Íslandi nam 173 milljörðum króna á árinu 2021 samanborið við 122 milljarða króna árið 2020 samkvæmt tölum frá sjálfbærniteymi KPMG. Vöxtur í útgáfu sjálfbærra bréfa nam því 42 prósentum á milli ára“ og að „græn útlán [hjá íslenskum viðskiptaböndum] hafi aukist á milli ára og þau muni halda áfram að aukast eftir því sem bankarnir reyna að koma grænu fjármagni sem þeir hafa sótt á markað í vinnu“.

Þá eru fyrirsjáanleg áhrif vegna orkuskipta í samgöngum og sjávarútvegi, lagabreytinga vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands í loftslagsmálum og væntanlegra breytinga á reikningsskilareglum til að kveða skýrara á um upplýsingagjöf á þessu sviði, svo eitthvað sé nefnt.

GLÖGG MYND OG MIKILVÆGI

Jafnvel þó gildandi reikningsskilareglur innihaldi ekki reglur sem taka sérstaklega á færslu, framsetningu og upplýsingagjöf vegna viðskipta og annarra atburða sem tengjast loftslagsbreytingum þá ná almennu reglurnar engu að síður til þeirra. Þetta gildir hvort sem reikningsskil eru samin í samræmi við íslenskar reglur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þess ber að geta að Alþjóðareikningsskilaráðið (e. International Accounting Standards Board, IASB®) og starfsfólk Alþjóðaráðsins um reikningsskilastaðla fyrir opinberra aðila (International Public Sector Accounting Standards Board®, IPSASB®) gáfu á árinu 2020 út, sitt í hvoru lagi, leiðbeinandi efni sem fjallar um hvernig gildandi alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, IFRS® og IPSAS™, kunna að eiga við um mat, færslu og upplýsingagjöf um áhrif áhættu af loftslagsbreytingum.

Til að mynda er þess krafist í reikningsskilareglum að ársreikningar gefi glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé og að bætt sé við ítarlegri sundurliðunum og skýringum ef þarf, til að glögg mynd náist. Þetta kallar á að í ársreikningum sé að finna allar þær upplýsingar sem eru taldar mikilvægar fyrir aðalnotendur reikningsskila, sem í tilviki fyrirtækja eru núverandi og tilvonandi fjárfestar, lánveitendur og

aðrir kröfuhafar en í tilviki opinberra aðila eru þeir sem njóta opinberrar þjónustu eða veita opinberum aðilum fjármagn, svo sem ríkisborgarar og Alþingi.

Upplýsingar eru skilgreindar sem mikilvægar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS®) „ef það að þeim sé sleppt, þær séu rangar eða óljósar þá mætti með sanngjörnum hætti búast við því að það hafi áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur reikningsskila taka á grundvelli þeirra [...]“. Þetta þýðir að við gerð og framsetningu reikningsskila ber að meta hvort upplýsingar um áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga eru mikilvægar fyrir aðalnotendur þeirra. Við það mat er gott að hafa til hliðsjónar leiðbeiningar sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB®) hefur gefið út, IFRS Practice Statement 2 *Making Materiality Judgements*. Það liggur þó nú þegar fyrir að fjárfestar kalla í auknum mæli eftir því að ársreikningar veiti upplýsingar um möguleg áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi til skemmri og lengri tíma.

EFTIRLITSADILAR

Aðilar sem hafa eftirlit með reikningsskilum, svo sem Evrópska verðbréfaeftirlitið (e. European Securities and Markets Authority, ESMA) og ársreikningaskrá á Íslandi, hafa nú þegar lýst því yfir að þeir muni skoða sérstaklega hvort reikningsskil vegna ársins 2021 eru í samræmi við gildandi reglur þegar kemur að áhrifum vegna loftslagsbreytinga.

Í áhersluatriðum í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins sem lauk 31. desember 2021 kemur meðal annars fram að „Ársreikningaskrá vill ítreka að við eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er farið eftir áhersluatriðum í eftirliti sem Verðbréfaeftirlit Evrópu gaf út þann 29. október 2021“. Þá bendir ársreikningaskrá í tengslum við ófjárhagslega upplýsingagjöf á að „Stjórnendum ber að upplýsa um hvaða [...] stefnur félagið hefur varðandi umhverfismál, þ.m.t. áhrif af loftslagsbreytingum, sbr. ákvæði b-liðar 1. mgr. 66. gr. d. auk þess að upplýsa um árangur af stefnu félagsins samanber ákvæði c-liðar. Verðbréfaeftirlit Evrópu gaf út í júní 2019 viðbót við leiðbeiningar um framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga. Framangreindum leiðbeiningum er ætlað að aðstoða félög við umfjöllun um möguleg áhrif loftslagsbreytinga á þau. Stjórnendum er bent á að ætlast er til þess að fjallað sé um áhrif loftslagsbreytinga á viðkomandi félag og góð regla er að útskýra ástæðu þess ef slíkar upplýsingar eru ekki birtar.“

Stærri fyrirtæki á Íslandi þurfa því að huga að mögulegum áhrifum áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil sín vegna ársins 2021.

ALÞJÓÐLEGIR SJÁLFBÆRNISTAÐLAR

Í nóvember 2021 var sett á laggirnar Alþjóðasjálfbærni- staðlaráðið (e. International Sustainability Standards Board, ISSB®), sem hefur það að markmiði að þróa og gefa út alþjóð-



lega staðla um upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni, sem eiga að uppfylla þarfar fjárfesta á þessu sviði. Ráðið mun starfa náið með Alþjóðareikningsskilaráðinu (e. International Accounting Standards Board, IASB®) til að tryggja tengingu og samræmi milli staðla sem þessi tvö ráð gefa út. Á sama tíma og Alþjóðasjálfbærnistáðaráðið var stofnað voru birtar frumgerðir tveggja alþjóðlegra sjálfbærnistáðla, annars vegar að staðli um loftslagstengda upplýsingagjöf (e. Climate-related Disclosures Prototype) og hins vegar að staðli um almennar kröfur um birtingu sjálfbærnitengdra fjárhagslegra upplýsinga (e. General Requirements for Disclosure of Sustainability-related Financial Information Prototype). Þessar frumgerðir innihalda vísbendingar um hvaða upplýsinga verður krafist samkvæmt endanlegum stöðlum, sem kunna jafnvel að verða gefnir út á seinni hluta þessa árs.

KOLEFNISHLUTLEYSI

Þann 3. júlí 2012 tóku gildi lög nr. 70/2012 um loftslagsmál, en með þeim voru markmið stjórnvalda í loftslagsmálum lögfest og nær gildissvið laganna til hvers konar starfsemi og athafna á landi, í lofthelgi og efnahagslögsögu Íslands sem haft geta áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Þann 13. júní 2021 voru samþykktar breytingar á lögnum sem meðal annars fela í sér að bætt er við markmiði í 1. gr. laganna um að kolefnishlutleysi verði náð eigi síðar en árið 2040. Þetta markmið um kolefnishlutleysi Íslands kemur fram í aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlunin var gerð með hliðsjón af markmiði Parísarsamningsins um að takmarka hækkun hitastigs jarðar við 1,5°C miðað við meðalhitastig fyrir iðnvæðingu.

Í kolefnishlutleysi felst að jafnvægi sé náð á milli losunar gróðurhúsalofttegunda frá manngerðum uppsprettum og bindingu þannig að nettó útstreymi sé ekkert. Fyrirtæki hafa í auknum mæli lýst yfir að stefnt sé að kolefnishlutleysi á næstu árum. Sem dæmi má nefna að íslensku viðskiptabankarnir fjórir hafa allir sett sér markmið um kolefnishlutleysi sem koma fram í ófjárhagslegri upplýsingagjöf þeirra. Þá hafa mörg íslensk fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum gefið út yfirlýsingar um að stefnt sé að kolefnishlutleysi fyrir tiltekin tímamörk.

Til að ná kolefnishlutleysi þurfa fyrirtæki að fara yfir rekstur sinn. Ef þau nýta mengandi eignir í rekstrinum getur þurft að grípa til aðgerða. Aðgerðirnar geta til að mynda falist í því að setja fram áætlanir um hraðari endurnýjun mengandi eigna en upphaflega var gert ráð fyrir vegna fjárfestinga í grænum eignum. Slíkar áætlanir geta haft í för með sér reikningshaldslegar afleiðingar, til dæmis vegna hækkunar afskrifta þar sem áætlaður nýtingartími mengandi eigna verður styttri en gert var ráð fyrir áður eða leitt til færslu skuldbindinga um endurskipulagningu.

SKULDBINDINGAR

Fyrirtæki gætu þurft að færa skuldbindingar vegna loftslagstengdra málefna af ýmsum orsökum. Eins og áður sagði

geta yfirlýsingar fyrirtækja um kolefnishlutleysi leitt til þess að fjárskuldbindingar stofnast. Annað dæmi er þegar fyrirtæki gefa út yfirlýsingar um að þau hyggist bæta umhverfistjón sem orðið hefur vegna rekstrar þeirra. Enn eitt dæmið getur verið þegar stjórnvöld setja ný lög eða breyta eldri lögum sem gera nýjar eða breyttar kröfur til fyrirtækja.

Til þess að ná loftslagstengdum markmiðum samkvæmt áðurnefndum dæmum gætu stjórnir fyrirtækja íhugað endurskipulagningu þeirra. Vegna þessa þarf að hafa í huga að færa ber skuldbindingu vegna endurskipulagningar í bókhald ef tvö skilyrði eru uppfyllt. Annars vegar þarf að vera til staðar ítarleg og formleg áætlun um framkvæmd endurskipulagningar. Hins vegar þurfa fyrirtæki að hafa vakið réttmætar væntingar hjá þeim sem endurskipulagningin hefur áhrif á, um að þau muni hrinda endurskipulagningunni í framkvæmd. Opinberrar yfirlýsingar fyrirtækja kunna að uppfylla þessi skilyrði ef þær eru nógu ítarlegar og skapa réttmætar væntingar hjá öðrum aðilum, eins og viðskiptamönnum, birgjum og starfsmönnum, um að fyrirtækin muni endurskipuleggja starfsemina.

Fyrirtæki gætu einnig þurft að færa umhverfis- og niðurrifsskuldbindingar, til dæmis á grundvelli lagaskyldu, yfirlýstrar stefnu eða viðtekinnar venju. Í slíkum tilvikum geta fjárhæðir skuldbindinga verið háðar mikilli óvissu og ákvörðun þeirra kallad á sérhæfða þekkingu á umhverfismálum, til dæmis vegna magns og tegundar mengunarvalds, landfræðilegra aðstæðna og kostnaðar við endurbætur.

LOSUNARÁÆTLANIR

Fyrirtæki sem eru í mengandi rekstri þurfa að tryggja að þau eigi nægjanlegt magn losunarheimilda til að mæta losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið sem verður vegna rekstrarins. Viðskipti með losunarheimildir fara fram á markaði með losunarheimildir en flestir aðilar í kerfinu eiga rétt á endurgjaldslausum losunarheimildum. Úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda byggir meðal annars á sögulegri framleiðslu fyrirtækja og öðrum viðmiðum.

Fyrirtæki geta fært losunarheimildir sem óefnislegar eignir eða birgðir. Hægt er að færa fengnar losunarheimildir upphaflega í bókhald á gangvirði eða nafnvirði, þ.e. núll ef ekkert endurgjald er greitt fyrir þær. Ef losun fyrirtækja á koldíoxíði fer yfir losunarheimildir, gæti komið til greiðslu sekta og færslu í samræmi við það. Ef fyrirtæki ákveða að kaupa losunarheimildir til að mæta aukinni losun þá ætti að færa þær á kostnaðarverði við upphaflega skráningu í bókhald.

Á hinum endanum eru svo fyrirtæki sem fá grænar inneignir, til dæmis fyrir framleiðslu á grænni orku. Þessar inneignir kann að vera mögulegt að færa sem óefnislegar eignir eða birgðir að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Grænar inneignir gætu talist til óefnislegra eigna ef fyrirtæki hafa yfirráð yfir þeim og þær verða til vegna lagalegra réttinda fyrirtækjanna, óháð því hvort



Þessi réttindi eru aðgreinanleg frá fyrirtækjunum. Grænar inn- eignir gæti verið mögulegt að selja, en mat á væntu söluverði þeirra gæti verið flókið ef virkur markaður er ekki til.

VIRÐISRÝRNUN EIGNA

Fyrirtæki þurfa að huga að áhrifum loftslagstengdra þátta við mat á virðisrýrnun eigna. Ef sjóðstreymisspár eru notaðar við mat á virðisrýrnun er mikilvægt að fyrirtæki skoði áhrif loftslagstengdra þátta á forsendur þeirra. Svo dæmi sé nefnt þá ættu sjóðstreymisspár vegna prófunar á virðisrýrnun að vera byggðar á skynsamlegum forsendum sem studdar eru gögn- um og sýna besta mat stjórnenda á efnahagsaðstæðum í fram- tíðinni. Ef loftslagstengdir þættir hafa áhrif á virði eigna, en ekki er tekið tillit til þeirra með fullnægjandi hætti við mat á virðis- rýrnun, gæti það leitt til ofmats rekstrarfjármuna, leigueigna, viðskiptavildar og annarra óefnislegra eigna. Þá má einnig búast við að loftslagstengdir þættir komi til með að hafa aukin áhrif á vænt útlánatap fjármálafyrirtækja.

BIRGÐIR

Ný lög og reglur vegna loftslagsbreytinga geta ekki eingöngu leitt til þess að til skuldbindinga stofnist. Þær geta einnig haft áhrif á verðlagningu vara, til dæmis vegna hærri framleiðslu- kostnaðar. Breytt kauphegðun viðskiptavina, sem í auknum mæli leita í umhverfisvænar og sjálfbærar vörur, gæti leitt til minni eftirspurnar eftir minna grænum vörum, sem gæti svo leitt til hærri niðurfærslu birgða en gert hafði verið ráð fyrir.

Þar sem við leitum nú öll leiða til að draga úr losun úrgangs eru fyrirtæki í auknum mæli farin að bjóða viðskiptavinum upp á endurnýtanlegar umbúðir, sem má til dæmis skila gegn gjaldi og fyrirtæki nýta svo aftur. En hvað á að gera við þess- ar umbúðir reikningshaldslega? Ef fyrirtæki býður til dæmis margnota flöskur sem nýstast fleiri en eitt tímabil, þá ætti að flokka þær sem rekstrarfjármuni og afskrifa á áætlunum nýt- ingartíma.

LÁNASAMNINGAR

Skilmálar lánasamninga taka í auknum mæli til loftslagstengdra málefna. Dæmi um slíka skilmála er ef losunarmarkmið eru til- greind í lánasamningum. Lántakendur þurfa að greina lánveit- endum frá brotum á lánasamningum og gætu slík brot leitt til gjaldfellingar lána, sem gæti svo haft áhrif á mat á rekstrarhæfi fyrirtækja. Þá gæti loftslagstengd áhætta haft áhrif á lánskjör. Lánveitendur gætu til að mynda veitt lántökum afslátt af vöxt- um ef þeir ná tilteknum markmiðum í loftslagsmálum. Að sama skapi gætu lánveitendur sett álag á vexti ef þessum markmið- um er ekki náð.

Við reikningshaldslegt mat lántakenda á slíkum lánasam- ningum þarf að skoða hvort samningarnir innihaldi innbyggð- ar afleiður sem þarf að aðskilja og færa í bókhald, þar sem loftslagstengdu þættir geta haft áhrif á sjóðstreymi lánanna. Lánveitendur þurfa hins vegar að skoða hvort skilyrði fyrir fær-

slu lánanna á afskrifuðu kostnaðarverði séu uppfyllt og ef svo er, hvernig þeir ætla að taka tillit til mögulegra loftslagstengdra breytinga á vöxtum við færslu vaxtatekna.

REKSTRARHÆFI

Ljóst er að þrátt fyrir að áhætta vegna loftslagsbreytinga kunni að hafa áhrif á öll fyrirtæki, þá eru áhrifin misjafnlega mikil. Fyrir einhver fyrirtæki gæti áhættan haft veruleg áhrif á reksturinn og mat á rekstrarhæfi. Loftslagstengdir þættir gætu bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á mat á rekstrarhæfi. Verulega minnk- andi eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækis gæti haft neikvæð áhrif á mat á rekstrarhæfi á meðan notkun grænnar orku eða orkusparandi tækja gæti haft jákvæð áhrif. Þá þarf að gæta að því að ef sjóðstreymisspár eru nýttar við mat á rekstrarhæfi þarf sömuleiðis að gæta að því að loftslagstengdir þættir séu teknir inn í þær spár. Þörf gæti verið á viðbótarskýringum um rekstrarhæfi um mikilvæg atriði sem tengd eru verulegri óvissu ef slík óvissa er tengd loftslagsáhættu.

UPPLÝSINGAGJÖF Í SKÝRINGUM

Skýringar í ársreikningum fyrirtækja um loftslagstengd mál þurfa að vera viðeigandi miðað við aðstæður og veita skýr- ar upplýsingar um mikilvægar reikningshaldslegar ákvarðanir og mat stjórnenda. Þegar þær eru settar fram þarf jafnframt að hafa í huga að þær séu til þess fallnar að hjálpa notendum reikningsskilanna að skilja mat stjórnenda á framtíðarhorfum fyrirtækjanna og gæta að því að þær séu í samræmi við upplýs- ingar sem birtar eru annars staðar, til dæmis í skýrslu stjórnar eða í tengslum við ófjárhagslega upplýsingagjöf.

NIÐURLAG

Áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á reikningsskil geta verið af ýmsum ástæðum, svo sem náttúruhamförum og breyting- um á regluverki, tækni, kauphegðun viðskiptavina, stefnumót- un og viðskiptamódeli fyrirtækja, skilmálum fjármálagerninga og kröfum fjárfesta og eftirlitsaðila. Fyrir liggur að fjárfestar og eftirlitsaðilar kalla í auknum mæli eftir því að ársreikningar veiti upplýsingar um möguleg áhrif áhættu vegna loftslagsbreytinga á afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi til skemmri og lengri tíma. Við gerð og framsetningu þessara upplýsinga er mikil- vægt að vanda til verka þannig að upplýsingarnar séu gagn- legar og taki mið af aðstæðum þeirra eininga sem leggja reikn- ingsskilin fram. Fyrirtæki, sem og opinberir aðilar, þurfa því að huga að áhrifum áhættu vegna loftslagsbreytinga á reiknings- skil sín og gera viðeigandi ráðstafanir sem fyrst.

Johann I.C. Solomon og Svanhildur Skúladóttir



Ólögmaet arðsúthlutun
getur haft í för með sér
alvarlegar skattalegar
afleiðingar fyrir hluthafa
auk skaðabótaábyrgðar
stjórnar, hluthafa eða þeirra
sem sáu um framkvæmd
rangra reikningsskila



HVAÐ ERU FRJÁLSIR SJÓÐIR HLUTAFÉLAGA?

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögmaður og meðeigandi hjá Deloitte Legal ehf.

Þar sem hagnaður hefur orðið af rekstri samkvæmt ársuppgjöri 2021 eru stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga að meta hvort leggja eigi fram tillögu um arðgreiðslu. Arðgreiðslur eru þýðingarmiklar fyrir hluthafa sem hafa fjárfest í viðkomandi félagi en það er í ýmis horn að líta við slíkar ákvarðanir. Hlutafélagaformið er aldargamalt en þrátt fyrir aldur og fyrri reynslu af framkvæmd arðgreiðslna þá eru ófá álítaefnin sem reynt hefur á í úrskurða- og dómaframkvæmd. Engan ætti þó að undra því við framkvæmd arðgreiðslu þarf að fylgja formreglum hlutafélagalöggjafarinnar, skattareglum og meta reikningshaldsleg álítaefni. Tilefni þessarar greinar er þó ekki að fara yfir öll formsatriðin, enda er það efni í heila bók, heldur staldra sérstaklega við hugtakið „frjálsir sjóðir“.

Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.) og 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (ehfl.) er einungis heimilt að úthluta sem arði (a) hagnaði samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi, (b) yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og (c) frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

Þessi ákvæði segja ýmislegt, en gefa þau upp með nákvæmum hætti hvaða efnahags- eða rekstrarliða líta beri til við arðgreiðslu? Almennt liggur skýrt fyrir hver sé hagnaður samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi en í því sambandi nægir að horfa til niðurstöðu rekstrarreiknings. Yfirfærður hagnaður fyrri ára er ekki jafnaugljós í ársreikningnum en slíkur hagnaður hefur verið færður í efnahagsreikning og myndar, ásamt öðrum liðum, óráðstafað eigið fé félagsins. Hvað varðar frjálsa sjóði þá hefur það hugtak ekki verið skilgreint sérstaklega. Hlutafélagalöggjöfin og ársreikningalögin skilgreina nokkra lögbundna sjóði en þá sjóði má þá augljóslega ekki nýta til arðgreiðslna. Til lögbundinna sjóða telst hlutafé, varasjóður, endurmatsreikningur og ýmsar gangvirðisbreytingar. Enn fremur telst yfirverðsreikningur til bundinna sjóða sbr. úrskurði yfirséttanefndar¹ m.a. með vísan til eldri hlutafélagalaga nr. 32/1978 þar sem fram kom að leggja skyldi í varasjóð það fé sem hefði verið greitt fyrir hluti umfram nafnverð við stofnun eða hækkun hlutafjár (nú yfirverðsreikningur).

Með gagnályktun má ætla að „frjálsir sjóðir“ séu allir aðrir sjóðir en bundnir sjóðir samkvæmt lögum eða samþykktum félags.

1. Úrskurðir yfirséttanefndar í málum nr. 165/2013, nr. 268/2013, og nr. 228/2014.

Það virkar nokkuð skynsöm nálgun en félagsstjórnir þurfa að vita nákvæmlega hvaða sjóði er um að ræða. Ólögmæt arðsúthlutun getur haft í för með sér alvarlegar skattalegar afleiðingar fyrir hluthafa auk skaðabótaábyrgðar stjórnar, hluthafa eða þeirra sem sáu um framkvæmd rangra reikningsskila. Ef litið er til eiginfjárliða í efnahagsreikningi má þar sjá alla lögbundna sjóði og svo óráðstafað eigið fé. Í framkvæmd hefur því verið horft til óráðstafaðs eigin fjár varðandi arðsúthlutunarheimildir og hefur það einnig verið staðfest í fjölda úrskurða yfirsattanevndar og dómaframkvæmd. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 786/2013 reyndi á kröfu skiptastjóra þrotabús um riftun á arðgreiðslu til fyrrum hluthafa sökum þess að hann taldi að bæði form- og efnisreglum hefði ekki verið fylgt við ákvörðunina. Hæstiréttur hafnaði riftunarkröfunni og taldi ekki skipta máli að nær allar tekjur þrotabúsins hafi verið hlutdeildartekjur en nægir fjármunir á óráðstöfuðu eigin fé lágu til grundvallar arðsúthlutun. Hæstiréttur hefur þó ekki gefið afgerandi skýringar á því hvernig skilgreina eigi frjálsa sjóði hlutafélaga. Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 606/2013 og nr. 607/2013, sem voru skattamál gegn fyrrum aðstoðarforstjóra og forstjóra bifreiðaumboðs vegna ágreinings um lögmæti arðgreiðslna, sagði dómurinn orðrétt í báðum málunum:

„Við úrlausn um hvort úthlutun fjármunanna úr [...] hefði verið gerð úr frjálsum sjóði félagsins samkvæmt heimild í 74. gr. laga nr. 138/1994 var litið til þess að enginn slíkur sjóður hefði verið skilgreindur í ársreikningi félagsins.“

Niðurstaðan í umræddum dómum var að arðsúthlutanir hefðu verið ólögmætir á grundvelli ýmissa formreglna sem voru brotnar. Þessi tilvitnun Hæstaréttar að ársreikningar hafi ekki verið með frjálsa sjóði skilgreinda meðal eiginfjárliða stingur þó í stúf við það sem lesendur ársreikninga eiga að venjast því almennt er enginn liður meðal eigin fjár með þessu heiti. Á fyrra dómstigi í báðum málum var þó vísað til þess að *óráðstafað eigið fé* samkvæmt ársreikningum umræddra félaga hefði verið neikvætt og því engin skilyrði til að greiða út arð. Má því ætla að Hæstiréttur hafi byggt sína niðurstöðu á sama grunni en það skapar óvissu þegar hugtakið „frjáls sjóður“ er ekki tengdur óráðstöfuðu eigin fé í ársreikningi með beinum hætti. Sérstaklega með vísan til síðari dómaframkvæmdar.

Með dómi Hæstaréttar nr. 2/2020 vöknudu grundvallarspurningar um það hvað megi greiða hluthöfum í arð. Deiluefnið í málinu varðaði beiðni International Seafood Holdings, félags í Lúxemborg, um endurgreiðslu á afdreginni staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna arðgreiðslu frá íslensku dótturfélagi. Dótturfélagið hafði á hluthafafundi í desember 2012 ákveðið að greiða út sem samsvaraði 1,5 milljón evra til eina hluthafans, en ársreikningur 2011 sýndi að staða á óráðstöfuðu eigin fé næmi tæpum 3,8 milljónum evra. Á árinu 2016 fól hluthafinn endurskoðunarfyrtæki að skila fyrir sig framtali hér á landi og óska eftir endurgreiðslu þessarar afdregnu staðgreiðslu á grundvelli 9. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri hafnaði endurgreiðslunni með þeim rökum að arðsúthlutunin úr

íslenska móðurfélaginu hefði alfarið byggt á hlutdeild í afkomu dótturfélaga sem teldist ekki vera frjáls sjóður. Ríkisskattstjóri tók ekki til greina að þágildandi ákvæði 40. og 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga² segðu að þegar hlutdeildaraðferð væri beitt þá er hlutdeildin færð til tekna eða gjalda sem áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага í rekstrarreikningi heldur vísaði til þess að hlutdeildin væri ekki frjáls sjóður á grundvelli hlutafélagalöggjafarinnar. Þessi niðurstaða ríkisskattstjóra var staðfest af héraðsdómi en Landsréttur taldi á hinn bóginn að líta bæri til stöðu óráðstafaðs eigin fjár samkvæmt ársreikningi 2011 sem frjálsan sjóð í skilningi hlutafélagalaga sem myndaði grundvöll fyrir arðsúthlutun. Landsréttur vísaði til þess að eins og lagaákvæði ársreikningalaga voru á árunum 2011 og 2012 þá var ekki kveðið á um neina afmörkun á hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélaga heldur fór hún ósundurgreind undir óráðstafað eigið fé.

Með dómi Hæstaréttar var dómur héraðsdóms staðfestur. Hæstiréttur vísaði til þess að enga heimild væri að finna fyrir frekari úthlutun arðs en leiðir af 74. gr. ehfl., þar með talið í tilvikum móðurfélaga sem beita hlutdeildaraðferð í reikningsskilum sínum á grundvelli laga nr. 3/2006, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 606/2013 og 607/2013 (þar sem félög voru með neikvætt eigið fé). Að auki benti Hæstiréttur á það að ársreikningalögin lúta einungis að reikningsskilum en taka ekki til úthlutunar af fjármunum og „bókhaldslegar færslur“ leiða ekki til rýmri heimilda til arðgreiðslna. Í málinu var vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 786/2013 og þrátt fyrir að tveir hæstaréttardómarar í máli nr. 2/2020 hefðu einnig dæmt í fyrra málinu, sagði Hæstiréttur að ágreiningsefnin hefðu ekki verið hliðstæð fyrra málinu því þar var ekki byggt á því að hlutdeild móðurfélags í eigin fé dótturfélags, sem færð hafði verið sem frjáls sjóður í ársreikningi skv. 40. gr. laga nr. 3/2006, hefði ekki fullnægt skilyrðum 99. gr. hfl. (74. gr. ehfl) um útgreiðslu arðs.

Ef við göngum út frá því að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 2/2020 hafi verið rétt miðað við ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar þá stöndum við frammi fyrir réttaróvissu. Frjáls sjóður virkar orðið sem útópísk hugmynd um fjármuni sem eru félagi frjálsir til ráðstöfunar og ekki er hægt að stóla á að óráðstafað eigið fé samkvæmt síðasta ársreikningi sé grundvöllur arðsúthlutunar. Slík breyting á túlkun og fyrri framkvæmd er slæm því hætta er á því að félög verði talin hafa úthlutað arði umfram heimildir. Stjórnir fjölda félaga gætu þurft að staldra við og skoða hvort óráðstafað eigið fé innihaldi hlutdeildarhagnað, eða eftir atvikum hlutdeildartap, frá fyrri tíð sem gæti þá haft áhrif á arðsúthlutunarheimildir. Verra er þó ef þetta opnar á þrengri túlkun á því hvaða sjóðir eru „frjálsir“ til ráðstöfunar. Undirrituð kallar eftir lagabreytingum á hlutafélagalöggjöfinni til að útrýma réttaróvissu.

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögmaður og meðeigandi hjá Deloitte Legal ehf.

2. Með lagabreytingu á árinu 2016 var gerð krafa um að færa mismun á þeirri fjárhæð sem var umfram úthlutaðan arð á bundinn reikning meðal eigin fjár en ekki var talið að lögin gætu gilt afturvirk.





Rafmyntir veita ekki þeim sem á þeim halda samningsbundinn rétt til að móttaka handbært fé. Þær hafa ekki lagalega viðurkenningu sem mynt og af þeirri ástæðu er lánveitandinn ekki skyldugur til þess að taka á móti þeim við greiðslu skuldar

RAFMYNTIR OG REIKNINGSSKIL

Elín Hanna Pétursdóttir, endurskoðandi hjá Eimskip og
Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte

PENINGAR, RAFMYNTIR OG FRAMTÍÐARSÝN

Ef horft er til þess hvað peningar eru þá eru peningar gjaldmiðill sem notaðir eru í viðskiptum milli fólks, til endurgreiðslu skulda og einnig sem mælieining á virði.

Grundvöllur gjaldmiðla er traust, meðal annars á nothæfi þeirra en án slíks trausts væru þeir sjaldan nokkurs virði. Til þess að gjaldmiðill sé að fullu nothæfur er nauðsynlegt, auk trausts á honum, að hann sé vel þekktur, að það sé auðvelt að skipta honum upp í smærri einingar, að hann sé léttur í flutningi og meðförum, að hann eyðileggist ekki hratt við notkun og síðast en ekki síst að gjaldmiðillinn sé ekki auðveldlega falsaður.

Gjaldmiðlar hafa verið samofnir sögu mannkyns um langt skeið og hafa þeir þróast samhliða því, úr málmyntum yfir í bréfpendinga, innistæður á bankareikningum og rafræna greiðslumiðlun. Nútímategundir gjaldmiðla eru oftast tengdir ákveðnum ríkjum eða svæðum og eru oft kallaðir "fiat money" eða fótalaust fé en það eru þeir gjaldmiðlar sem ekki standa á gullfæti og byggja á trausti. Nokkrir áratugir eru nú síðan síðasti gjaldmiðillinn hætti að standa á gullfæti, en gullfótur er þegar peningar byggja á ígildi virði þeirra í gulli í gullgeymslu útgefanda seðilsins.

Einhverjir spá því að rafmyntir séu framtíðin eða að minnsta kosti rafmyntir útgefnar af seðlabönkum. Enn er því óljóst hver framtíð rafmynta er í dag og sérstaklega núverandi rafmynta. Rafmyntir hafa í för með sér ótal tækifæri en einnig krefjast þær mikilla breytinga. Í dag eru rafmyntir í langflestum tilfellum ekki tengdar ákveðnum ríkjum eða löndum heldur eru þær byggðar upp á alnetinu og eru því álitnar alþjóðlegar. Helsta rafmyntin og sú sem flestir þekkja í dag er rafmyntin Bitcoin, en myntin hefur verið á sjónarsviðinu frá árinu 2008. Önnur stærsta myntin heitir Ethereum en samanlagt markaðsvirði Bitcoin og Ethereum var nú í byrjun janúar 2021 um 1.200 milljarðar bandaríkjadollara.

Samkvæmt talningu Investopedia voru 8.000 rafmyntir til í desember 2021. Það sem helst einkennir hverja rafmynt frá öðrum rafmyntum er tæknin sem býr að baki, en sú tækni er í hraðri og sífelldri þróun. Spurningunni sem stundum er varpað fram er hvaða rafmyntir það eru sem myndu standa eftir ef til hruns kæmi en þessari þróun er oft líkt við það sem átti sér stað eftir hraða þróun internetfyrirtækja í Bandaríkjunum árið 2000, þess sem oft er vísað til sem netbólunnar (e. dotcom bubble), þegar aðeins nokkur internetfyrirtæki lifðu af samþjöppun á markaði



Rafmyntir hafa sætt talsverðri gagnrýni gagnvart þeirri aðferð sem er notuð til að búa hana til. Eins og fram kemur að ofan þá er rafmynt búið til með eins konar rafrænum námugrefti þar sem stórar tölvur eyða verulegri orku við að leysa stærðfræðileg vandamál. Þegar þeim hefur tekist að leysa þau þá hafa þau búið til rafmynt. Sú rafmynt er umbun námumannanna. Helsti gallinn við þessa aðferð er að hér er verið að nota dýrar tölvur og mikið rafmagn sem hefur í raun engan sjálfstæðan tilgang. Að mati margra er þetta hrein sóun þar sem framleiðsla á hefðbundnum peningum eins og við þekkjum þá í dag þarfnast ekki slíkrar orku. Víst þarf pappír, blek og prentvélar til að prenta seðlana en mikið af peningnum heimsins í dag eru innistæður á bankareikningum, í reynd eiginleg rafmynt, þótt hún sé ekki sé byggð á sömu tækni (bálkakeðjum, sjá nánar hér að neðan).

Hvernig rafmyntaheiminum tekst að takast á við þær áskoranir sem eru til staðar varðandi vinnslu rafmyntanna er óljóst. Fyrir utan þær áskoranir er einnig að mörgum stjórnsýslu- og hagstjórnarlegum atriðum að huga þegar horft er til þess ef rafmyntir myndu taka yfir sem gjaldmiðlar heimsins. Það myndi

121.044 Bitcoin sem er tæplega 0,6% af öllum þeim Bitcoin sem til eru. Félagið hefur lagt mikla áherslu á fjárfestingar í Bitcoin í fjárfestingastefnu sinni og hefur það m.a. farið í hlutfjárútboð til að fjármagna þær fjárfestingar. Í efnahagsreikningi félagsins fyrir þriðja ársfjórðung má sjá að fjárfesting í stafrænum eignum telur rétt rúmlega 80% af heildareignum þess.

Mikilvægum áfanga var náð í desember 2021 þegar viðskipti hófust í fyrsta sinn með verðbréfasjóð með eign í Bitcoin í kauphöllinni í New York.

BÁLKAKEÐJUTÆKNI

Rafmyntir byggja iðulega á svokallaðri bálkakeðjutækni (e. blockchain technology). Sú tækni er jafnvel merkilegri en rafmyntin sjálf. En hvernig þá? Bálkakeðjur virka eins og sífelld vaxandi rafrænar færslubækur. Hver bálkur í keðjunni geymir dulrituð gögn um viðskipti eða aðrar upplýsingar. Bálkakeðjan heldur utan um allar færslur, hve mikið er til og hver á hvað og heldur áfram að bæta við sig eftir því sem tíminn líður. Þetta er tækni sem byggir á flókinni stærðfræði og dulkóðun. Það er

	Nafnverðseign í Kostnaðarverð		Gangverð í
	Bitcoin	í USD	USD
1 MicroStrategy Inc., Bandaríkin	121.044	3.574.400.000	5.279.239.555
2 Tesla, Bandaríkin	48.000	1.500.000.000	2.093.482.524
3 Galaxy Digital Holdings, Kanada	16.402	134.000.000	715.360.424
4 Square Inc., Bandaríkin	8.027	220.000.000	350.091.338
5 Marathon Patent Group, Bandaríkin	4.813	150.000.000	209.915.237
	198.286	5.578.400.000	8.648.089.078

Heimild: <https://www.coingecko.com/> - sótt 5. janúar 2021

torvelða peningaprentun og útiloka myntsláttuhagnað ríkja, stjórnun vaxtastigs og aðra hagstjórn. Nauðsynlegt er að ríki heimsins og stjórnvöld þeirra hafi þetta í huga. Framtíðarsýn rafmyntaheimsins snýst um svokölluð dreifistýrð fjármál (e. decentralized finance) en hugmyndafræði þeirra byggir á að það séu engir milliliðir í greiðslumiðlun og fjármögnun en í nútímanum er það hlutverk banka og fjármálastofnanna.

FJÁRFESTINGAR SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA Í RAFMYNTUM

Nokkur stór alþjóðleg fyrirtæki hafa á síðastliðnum árum fjárfest í rafmyntum eins og Bitcoin og Ethereum en hér fyrir neðan má sjá töflu yfir þau fimm félög sem mest eiga af bitcoin:

Félagið MicroStrategy Inc. er félag á sviði viðskiptagreiðna og er skráð á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum. Félagið á

enginn miðlægur aðili sem heldur utan um og viðheldur bálkakeðjunum. Tæknin byggir á svokölluðu jafningjaneti. Í raun og veru virkar bálkakeðjutækni þannig að hún tekur veraldarvefinn einu skrefinu lengra, þannig að veraldarvefurinn snýst ekki lengur eingöngu um að skiptast á upplýsingum heldur því að skiptast á virði.

Eitt lykilatriði bálkakeðjanna er að það sem er vistað á bálkakeðjunni verður þar að eilífu og er ekki hægt að afmá. Allir bálkar í keðjunni eru tengdir og eldri bálkarnir hafa að geyma upplýsingar fyrir þá bálka sem á eftir koma og er því hægt að segja að nánast sé ómögulegt að breyta bálkakeðjunni.

Bálkakeðjutækni hefur reynst vel og hefur það í för með sér að hægt er að framselja rafmynt frá einum aðila til annars



með hverfandi kostnaði og á mjög öruggan hátt. Fyrirséð er að bálkakeðjutæknin geti umbylt öllum rekjanleika með minni tilkostnaði, til dæmis með varahluti, matvörur og aðrar birgðir.

Fleira en rafmyntir tengjast bálkakeðjutækninni en það eru til dæmis snjallsamningar (e. smart contracts) og NFT eða non-fungible tokens sem hafa einnig verið að ryðja sér braut.

Snjallsamningar eru viðskipti á bálkakeðju sem eru bæði rekjanleg og óbreytanleg sökum eðils bálkakeðjunnar. Forsendur tækninnar byggja á “ef” og “þegar” en þegar ákveðin skilyrði samnings hafa verið uppfyllt, framkvæma snjallsamningarnir sjálfir ákvæði samkomulagsins. Aðilar undirrita samninginn með dulritun og það dreifist svo um rafrænu færslubókina. Dæmi um hvar snjallsamningar gætu mögulega verið notaðir í framtíðinni eru í fasteignaviðskiptum, í tryggingageiranum, fjármálaheiminum og víðar.

Bálkakeðjutæknin hefur einnig hafið innreið sína í listheiminn en þar er hægt að kaupa non-fungible tokens (NFT's) eða stafræn listaverk. Fungible þýðir auðskiptanlegur og því non-fungible eitthvað sem ekki er auðskiptanlegt. NFT geta einnig, til dæmis verið útlit leikmanna í tölvuleikjum, ýmislegt safnefni og miðar á viðburði. Vert er að nefna að greiðslukortafyrirtækið Visa keypti svokallaða “crypto punk” stafræna mynd á 150 þúsund bandaríkjadali á haustmánuðum 2021.

REIKNINGSSKIL RAFMYNTA

Rafmyntir hafa eftirfarandi eiginleika:

- Þær eru skráðir í rafrænar færslubækur sem notast við dulkóðun. Sumar rafmyntir eru með takmarkanir á hámarksfjölda en sem dæmi er hámarksfjöldi Bitcoin 21 milljón en í dag hafa 18,9 milljónir þegar verið unnar í námuvinnslu.
- Þær eru dreifistýrðar þar sem enginn einn aðili (stjórnvöld eða aðrir) stýrir notkun þeirra. Þrátt fyrir að verðmæti rafmynta er stundum sett fram í ákveðnum gjaldmiðlum er rafmynt í einu landi óaðgreinanleg frá rafmynt í öðru landi; og
- Það er enginn samningur milli þess sem heldur á myntinni og annars aðila og verðmæti rafmyntar stýrist aðeins af markaðslögmálum um framboð og eftirspurn.

Hægt er að eignast rafmyntir með námuvinnslu, en námuvinnsla er notkun tölvuvinnslu til þess að leysa ákveðin reiknirit eða með kaupum á jafningjagrundvelli. Rafmyntir geta verið notaðar sem greiðslumiðill ef bæði eigandi og móttakandi hafa náð samningi um slíkt.

Talsverð umræða hefur átt sér stað um reikningshaldslega meðferð rafmynta. Í umfjöllun tólkunarnefndar alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IFRIC / IASB) í júní 2019 kom fram að í reikningsskilum ætti að flokka eignarhald á rafmyntum, sem hafa

ofangreinda eiginleika, sem óefnislegar eignir innan efnissviðs IAS 38 eða ef eignarhaldið á þeim er í þeim tilgangi að selja þær aftur til að hagnast á virðisbreytingum, sem birgðir innan efnissviðs IAS 2. Ástæður þessa er að rafmyntir falla ekki undir skilgreiningu á handbæru fé eða ígildi þess eða skilgreiningu á fjáreign, eins og þessar skilgreiningar eru settar fram í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

Fram kemur í IAS 32:AG3:

Currency (cash) is a financial asset because it represents the medium of exchange and is therefore the basis on which all transactions are measured and recognised in financial statements. A deposit of cash with a bank or similar financial institution is a financial asset because it represents the contractual right of the depositor to obtain cash from the institution or to draw a cheque or similar instrument against the balance in favour of a creditor in payment of a financial liability.

Rafmyntir veita ekki þeim sem á þeim halda samningsbundinn rétt til að móttaka handbært fé. Þær hafa ekki lagalega viðurkenningu sem mynt og af þeirri ástæðu er lánveitandinn ekki skyldugur til þess að taka á móti þeim við greiðslu skuldar. Vörur og þjónustur eru almennt ekki verðlagðar í rafmyntum þ.e. þær eru ekki peningalegar einingar sem almennt eru notaðar til að verðleggja viðskipti.

Eins og fram kemur hér að ofan þá falla rafmyntir ekki undir skilgreininguna á ígildi handbærs fjár í IAS 7:6 þar sem ekki er hægt að umbreyta þeim í þekkta fjárhæð af handbæru fé og það getur verið veruleg áhætta tengd breytingum á virði þeirra (það handbæra fé sem fæst fyrir eina einingu af rafmynt er háð því verðmæti sem þriðji aðili er tilbúin að borga á ákveðnum degi og er almennt háð verulegu flökti).

Skilgreining á fjáreign í IAS 32:11 er víðtækari en skilgreining á handbæru fé eða ígildi þess og vísar til samningsbundins réttar til að móttaka handbært fé eða aðra fjáreign frá öðrum aðila. Rafmyntir falla ekki undir þessa skilgreiningu þar sem enginn samningsbundinn réttur við mótaðila er til staðar.

IAS 38:8 skilgreinir óefnislegar eignir sem auðkennanlega ópeningalega eign sem er ekki í hlutkenndu formi. Rafmynt fellur undir þessa skilgreiningu þar sem hún er ekki í hlutkenndu formi og er ópeningaleg (eins og það hugtak er skilgreint í IAS 21). Rafmyntir eru ekki felldar út úr efnissviði þess staðals samkvæmt IAS 38:2 nema þær falli undir efnissvið staðalsins IAS 2 sem fjallar um birgðir. Þar sem það er enginn fyrirsjáanleg takmörk á því tímabili sem rafmyntir geta skapað virði, er metið sem svo að þær hafi ótakmarkaðan líftíma.

Ef rafmyntir falla undir efnissvið IAS 38 leiðir það til þess að þær eru metnar á kostnaðarverði eða ef það er virkur markaðs-

ur til staðar og félag velur að notast við endurmatsaðferðina, á gangvirði. Við notkun endurmatsaðferðar er eignin metin á gangvirði og breytingar á gangvirði færðar yfir aðra heildarafkomu (ef gangvirði er hærra en kostnaðarverð) eða í gegnum rekstur (ef gangvirði er lægra en kostnaðarverð).

Eiginleikar rafmynta eru hins vegar í efnahagslegu tilliti sambærilegt hrávörum eins og gulli að því leyti að:

- Það er hægt að skipta á þeim fyrir vörur og þjónustu en aðeins ef mótaðilinn er samþykkur slíkum viðskiptum;
- Virði þeirra mótast af skorti og kostnaði við námugróft þeirra (þátt fyrir að rafmyntir verði til með notkun á tölvuvinnslu til þess að leysa ákveðin reiknirit en ekki með bókstaflegum námugrefti);
- Þær geta verið auðseljanlegar eins og til dæmis gull en innihalda engan samningsbundinn rétt til að móttaka handbært fé eða aðra fjáreign.

Reikningsskil rafmynta geta verið flókin út frá eðli þeirra og því mikilvægt að þær upplýsingar sem settar eru fram í skýringarluta reikningsskilanna veiti lesanda þeirra fullnægjandi upplýsingar til að skilja bæði þær forsendur sem stjórnendur félagsins horfa til við flokkun rafmynta sem og við mat þeirra þar sem það á við. Í sömu umfjöllun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar sem vísað er í hér að ofan kom fram að eftirfarandi skýringarkröfur alþjóðlegu staðlanna eiga við um rafmyntir og eignarhald á þeim.

- Félög ættu að veita upplýsingar í skýringum í samræmi við kröfur:
 - IAS 2:36 til 39 vegna rafmynta sem eru almenn sölvara í starfsemi félagsins, þær skýringarkröfur fjalla m.a. um að upplýsa um þær reikningsskilaðferðir sem félagið hefur innleitt við að meta birgðir, bókfært verð birgða og þeirra birgða sem metnar eru á gangvirði, fjárhæð birgða sem hafa verið gjaldfærðar á tímabilinu, fjárhæðir niðurfærslu og breytingar á henni á tímabilinu og ástæður þeirra og fjárhæð birgða sem eru veðsett- ar; og
 - IAS 38:118 – 128 vegna rafmynta sem skilgreindar eru sem óefnislegar eignir undir IAS 38, þær skýringarkröfur fjalla m.a. um að upplýsa um hvort að líftími eignanna sé takmarkaður eða ótakmarkaður, afskriftaraðferðir sem notast er við fyrir óefnislegar eignir með takmarkaðan líftíma, fjárhæð kostnaðarverðs og uppsafnaðar afskriftir þeirra sem og afstemmingu á bókfærðu verði óefnislegra eigna frá upphafi tímabilsins til loka þess.
- Ef félag færir rafmyntir á gangvirði (þ.e. félagið beitir endurmatsaðferð óefnislegra eigna eða ef félagið er hrávörumiðlari sem metur birgðir á gangvirði að frádregnum

sölukostnaði) ber að setja fram þær upplýsingar sem gerð er krafa um í IFRS 13, staðli sem fjallar um mat á gangvirði.

- Félag ætti að setja fram þær forsendur sem stjórnendur byggja á við mat á reikningshaldslegri meðferð rafmynta ef þær forsendur hafa veruleg áhrif á þær fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilin (IAS 1:122)
- Fyrirtæki ættu að upplýsa um alla verulega atburði sem gerast eftir reikningsskiladag en hafa ekki áhrif á skráð verðmæti á reikningsskiladegi (miðað við kröfur IAS 10).
- Í þessu samhengi er viðeigandi að upplýsa um það í skýringum ef breytingar verða á gangvirði rafmyntarinnar eftir reikningsskiladag og þær breytingar eru það verulegar að það gæti haft áhrif á þá ákvörðunartöku sem upplýstur lesandi reikningsskilanna gæti tekið á grundvelli þeirra.

Við eignarhald á rafmyntum þarf einnig að horfa til annarra þátta. Einn af þeim þáttum snýr að því hvernig rafmyntirnar eru geymdar. Sumir velja það að geyma sínar rafmyntir í veski sem er í vörslu hjá þriðja aðila. Í þeim tilfellum er mikilvægt að greina hvort eignin falli undir skilgreininguna á því að vera undir yfirráðum félagsins. Við þá greiningu ber einnig að hafa í huga viðeigandi lög og reglugerðir ásamt skilmálum samningsins og annarra samninga sem gætu haft áhrif á réttindi og skyldur félagsins og vörsluaðilans. Sú greining ætti að vera gerð fyrir hvert veski sem er í vörslu þriðja aðila og stjórnendur ættu jafnvel að íhuga að fá greiningu lögfræðinga á viðeigandi samningum. Lista yfir þætti sem stjórnendur ættu að íhuga við mat á yfirráðum má finna hér að neðan. Rétt er að athuga að þessi listi er ekki tæmandi og því geta verið aðrir þættir sem þörf er á að skoða. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að ekki ætti að horfa á einn þátt sem ákvarðandi þátt við mat á því hvort til staðar séu yfirráð yfir rafmyntum.

- Eru lög eða reglugerðir sem eiga við um vörsluaðilann eða eiganda rafmyntanna? Ef slíkt er til staðar, kemur fram í þeim hver sé lagalegur eigandi rafmyntarinnar?
- Kemur fram í skilmálum samnings á milli félagsins og vörsluaðilans hvort að félagið framselji eignarhaldið yfir til vörsluaðilans?
- Er vörsluaðilinn með réttinn (undir samningsbundnum skilmálum samnings eða lögum og reglugerðum) til að selja, flytja, lána eða veðsetja rafmyntirnar án samþykkis og/eða tilkynningar til félagsins?
- Ef til gjaldþrots kemur hjá vörsluaðilanum eru rafmyntirnar hluti af þeim eignum sem til skipta koma? Ef svo er, hefur fyrirtækið forgangskröfu í þeim tilfellum?
- Getur fyrirtækið leyst út rafmyntirnar á hvaða tíma sem er og undir hvaða ástæðum/aðstæðum sem er? Ef ekki, hvaða þættir eru það sem stýra því að hægt er að taka rafmyntirnar úr vörslu? Eru einhverjir tæknilegir eða aðrir þættir sem geta komið í veg fyrir það að hægt sé að taka rafmyntirnar úr vörslu innan eðlilegs tíma óháð samningsbundnum eða lagalegum rétti?



- Eru einhver viðskipti færð fyrir utan undirliggjandi bálkakeðju rafmyntarinnar sem þarf að skoða?
- Er rafmyntin geymd í veski þar sem þarf marga lykla (rafrænt form undirskrifta fyrir rafmyntir) til þess að samþykkja millifærslur? Ef svo er, hver heldur á þeim lyklu sem þarf til að samþykkja millifærslur og hvernig er tenging þeirra við félagið?
- Hver ber áhættuna ef að rafmyntin tapast hjá vörsluaðilanum t.d. vegna öryggisbresta, þjófnaðar eða annarrar sviksemi?
- Eru einhverjir aðrir þættir sem koma í veg fyrir það að fyrirtækið fái allan efnahagslegan ávinning og taki alla áhættu af rafmyntinni m.a. verðáhættu?

Ef niðurstaða greiningarinnar er sú að vörsluaðilinn sé með yfirráð yfir rafmyntinni, færir hann rafmyntina sem eign ásamt því að færa skuld í efnahagsreikning vegna þeirrar samningsbundnu skuldbindingar sem hann er með við félagið um að skila rafmyntinni aftur til baka. Félagið afskráir rafmyntina og færir upp nýja eign sem endurspeglar réttinn til að móttaka rafmyntina frá vörsluaðilanum. Þessi nýja eign er óefnislega eign, en getur verið hluti af öðrum flokki óefnislegra eigna en rafmyntin var upphaflega flokkuð í.

Í júlí 2020 gaf Evrópska reikningsskilanefndin (EFRAC) umræðuskal um reikningshaldslega meðferð á rafeigna og rafskulda út frá bæði sjónarhorni eiganda og útgefanda. Í því umræðuskjali er horft til rafmynta sem hlutmengi rafeigna. Þar er vísað til þeirrar niðurstöðu túlkunarnefndar alþjóðlega reikningsskilaráðsins sem fram kemur hér að ofan varðandi reikningshaldslega meðferð rafmynta. Í því samhengi er vísað til þess að þrátt fyrir að almennt séu aðilar ekki ósammála þeirri niðurstöðu þá hefur talsverður fjöldi hagsmunaaðila bent á að rafmyntir eru eignir með sérstaka eiginleika og núverandi matsaðferðir innan IAS 38 og IAS 2 voru ekki þróaðar með rafeignir í huga. Sem dæmi, ólíkt flestum óefnislegum eignum (hugbúnaðir, hugverkaréttindum, vörumerkjum o.fl.) þá eru þær með eiginleika sem líkjast handbæru fé, viðskipti eru með sumar þeirra á virkum markaði og þær eru einnig með ákveðna eiginlega fjárfestinga. Í þessum samhengi er talið upp í umræðuskjalinu ákveðnar áskoranir sem til staðar eru í núverandi stöðlu og má þar m.a. nefna:

- Takmarkaðar leiðbeiningar er að finna í stöðlunum þegar rafeignir eru keyptar sem fjárfesting og matskröfur IAS 38 og IAS 2 endurspeglar ekki að fullu leyti efnahagsleg einkenni þessara eigna, þegar ekki er til staðar virkur markaður (engar skýrar leiðbeiningar eru til staðar um meðferð óefnislegra eigna sem félag horfir á sem fjárfestingu).

- Frekari útskýringa / leiðbeininga er þörf í tengslum við það þegar flokka ber rafeign sem fjáreign. Í þeim tilfellum þar sem rafeignir eru keyptar sem fjárfesting og eru með sambærilega eiginleika og hluta- eða skuldabréf (tilkall til hagnaðarhlutdeildar, atkvæðisrétt o.fl.) er ekki að finna neina skýra umfjöllun í stöðlunum hvers vegna ekki beri að flokka þær sem fjáreignir. Mögulega þarfnast núverandi kröfur IFRS uppfærslu í þessu samhengi.
- Skilgreining á handbæru fé og ígildi handbærs fjár þarfnast skoðunar og mögulegrar uppfærslu til þess að ákveðnar tegundir rafmynta geti fallið þar undir.


Hér að ofan eru aðeins rætt um hluta af því sem til umræðu er varðandi reikningsskil rafmynta/rafeigna en miðað við hraða þróun þessa heims er ljóst er að töluverð vegferð er framundan til þess að núverandi reikningsskilastaðlar verði nægjanlega skýrir varðandi meðferð rafeigna. Núverandi fyrirkomulag getur leitt til þess að meðferð á þessum eignum og skuldum tengdum þeim verði mismunandi á milli félaga. Ekki er ljóst hvernig þróunin verður varðandi breytingar á núverandi reikningsskilastöðlum en hættan er sú að ef ekkert verður aðhafst í að skýra betur kröfur staðlanna eða uppfæra ákveðnar skilgreiningar að félög fari í að þróa eigin reikningsskilareglur í samræmi við IAS 8.

LOKAORÐ

Heimur rafmynta er enn ungur þrátt fyrir að rafmyntin Bitcoin hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir meira en áratug síðan og þróun þeirra mílusteina sem lagðir höfðu verið sem grundvöllur á bak við tækniþróun rafmynta hafi staðið yfir í enn lengri tíma. Mikil þróun hefur átt sér stað en mikill þroski og umbylting á mörgum sviðum á enn eftir að eiga sér stað, muni þetta fyrirkomulag á dreifstýrðum fjármálum með bálkakeðjutækni, rafmyntum, snjallsamningum, stafrænum listaverkum og fleiru verða að raunveruleika framtíðar viðskiptalífs heimsins. Ljóst er að miklir möguleikar felast í þessari auknu tækniþróun.

Spurningin er hvort setja ætti ákveðna reikningsskilastaðla fyrir rafmyntir(-eignir) eða hvort nógildandi staðlar geti tekið á þeim reikningsskilalegu málefnum sem upp koma eins og þeir eru settir fram með núverandi hætti. Fylgjast þarf vel með tækniþróuninni og taka á málunum samhliða henni.

Signý Magnúsdóttir og Elín Hanna Guðbjartsdóttir





Skilyrði fyrir því að komast á skrá Skattsins um almannaheillafélög má segja að séu þrenns konar. Í fyrsta lagi er skilyrði um félagsformið, í öðru lagi varðandi starfsemi og í þriðja lagi varðandi ráðstöfun styrkjanna

ALMANNAHEILLAFÉLÖG

Kjartan Arnfinnsson, endurskoðandi hjá Debet og
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, endurskoðandi
hjá Endurskoðun og reikningshaldi

Árið 2021 var gerð breyting á lögum um tekjuskatt varðandi frádrátt frá tekjum vegna gjafa og framlaga til almannaheilla. Breytingarnar eru tvenns konar; annars vegar er heimilaður frádráttur einstaklinga frá tekjum vegna gjafa til góðgerðarmála og hins vegar er gerð breyting á heimildum rekstraraðila til frádráttar frá tekjum vegna framlaga til sömu málaflokka. Hámarks frádráttur lögaðila hækkar úr 0,75% af tekjum í 1,5% af rekstrartekjum. Jafnframt hækkar framlag til kolefnisjöfnunar um sömu prósentutölu. Samhliða þessum breytingum er komið á sérstakri almannaheillaskrá þar sem tæmandi eru talin þau félög sem styðja má með framlögum þannig að lækkun á tekjuskattstofni fái. Með þessu má segja að umgjörðin utan um frádráttarbærni slíkra framlaga sé orðin mun skýrari en áður var.

Skilyrði fyrir því að komast á skrá Skattsins um almannaheillafélög má segja að séu þrenns konar. Í fyrsta lagi er skilyrði um félagsformið, í öðru lagi varðandi starfsemi og í þriðja lagi varðandi ráðstöfun styrkjanna.

FÉLAGSFORM

Einungis óhagnaðardrifin almenn félög, sjóðir og stofnanir koma til greina sem almannaheillafélög. Hér koma því ekki til greina þau félagsform sem almennt eru notuð í atvinnurekstri (þrátt fyrir að þau teljist óhagnaðardrifin), þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög, samlagsfélög, samlagshlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög.

STARFSEMI

Sú starfsemi sem viðkomandi lögaðili þarf hafa með höndum til að komast á almannaheillaskrá er talin upp í lögunum í 7 liðum en hún er:

1. Mannúðar- og líknarstarfsemi. Dæmi: Meðferðarstofnanir, mannréttindastarfsemi, sambýli fatlaðra og öldrunarheimili.
2. Æskulýðs- og menningarmálastarfsemi. Dæmi: Starfsemi íþróttafélaga, bókmennta- og listafélög og starfsemi safna.
3. Starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna.
4. Vísindaleg rannsóknarstarfsemi. Hér fellur undir viðurkennd vísindaleg rannsóknarstarfsemi.
5. Starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða. Hér falla undir menntasjóðir sem eru sjálfstæðir gagnvart hinu opinbera.
6. Neytenda- og forvarnastarfsemi. Dæmi: Samtök sem vinna að neytendamálum og forvörnum, til að mynda forvörnum gegn vímuefnum og sjálfsvígum.
7. Starfsemi þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga. Hér fellur undir starfsemi þjóðkirkjunnar og trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999.



RÁÐSTÖFUN STYRKJA

Ráðstafa þarf framlögum innan skamms tíma til þeirra málefna sem samþykktir segja til um þannig að ekki komi til mikillar sjóðasöfnunar á milli ára. Aðilar á almannaeillaskrá mega þrátt fyrir þetta hafa með höndum einhverja atvinnustarfsemi til fjáröflunar, sem rúmast innan tilgangs lögaðilans eins og hann er skilgreindur í samþykktum hans.

ÖNNUR ATRIÐI

Til viðbótar framangreindu eru lagðar ýmsar skyldur á lögaðila sem vilja vera á skrá yfir almannaeillafélög. Þannig þarf að hafa lokið skráningu raunverulegra eigenda, skila þarf ársreikningi fyrir 31. maí hvert ár. Þá þarf að gera grein fyrir því í bókhalði hvernig fjármunum hefur verið ráðstafað til almannaeilla. Skráning á almannaeillaskrá fer fram á vefsíðu Skattsins og er skráning háð samþykki skattayfirvalda. Jafnframt þarf að endurnýja skráningu á almannaeillaskrá fyrir 15. febrúar ár hvert.

FRAMLÖG EINSTAKLINGA

Eins og getið var að framan geta einstaklingar nú fengið frádrátt frá tekjuskattstofni vegna gjafa til góðgerðarmála. Frádrátturinn getur verið á bilinu 10 til 350 þúsund kr. hjá einstaklingi og alls 700 þús. krónur að hámarki hjá hjónum og sambúðarfólki. Grundvöllur fyrir skattafrádrætti er að móttakand skili upplýsingum um móttækin framlög, niður á kennitölur og nöfn. Á grundvelli þessara gagnaskila verður frádráttur forskráður á framtöl gefenda.

Frekari upplýsingar:

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/almannaeillaskra-skattfradrattur/#tab1>

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmalaraduneyti/nr/22793>

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1263.html>

Kjartan Arnfinnsson og Ágústa Katrín Guðmundsdóttir

Nýir löggiltir endurskoðendur 2021

Nýir löggiltir endurskoðendur fengu löggildinguna sína afhenta þann 16. desember 2021. Átta náðu báðum prófunum og kynjahlutfall er jafnt. Þau koma öll frá stóru endurskoðunarfyrirtækjunum, en 15 þreyttu fyrra prófið (endurskoðun og reikningskil) og náðu 11, og 25 þreyttu seinna prófið (skattalög, félagaréttur, kostnaðarbókhald og stjórnendareikningsskil) og náðu 10. Allir nýir löggiltu endurskoðendurnir hafa gengið í félagið og FLE óskar þeim til hamingju með áfangann.

Brynja Dögg Guðjónsdóttir, EY
Erna Aðalheiður Karlsdóttir, Deloitte
Eyjólfur Bjarni Sigurjónsson, Deloitte
Fríða Rúnarsdóttir, KPMG
Garðar Þór Stefánsson, Deloitte
Haukur Páll Guðmundsson, Deloitte
María Kristín Rúnarsdóttir, KPMG
Sindri Freyr Gíslason, EY



Frá vinstri: María Kristín Rúnarsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Eyjólfur Bjarni Sigurjónsson, Garðar Þór Stefánsson, Haukur Páll Guðmundsson. Erna Aðalheiður Karlsdóttir, Brynja Dögg Guðjónsdóttir og Sindri Freyr Gíslason.



Eins og okkur er öllum kunnugt þá hyllir loksins undir að sérstakur staðall fyrir lítil og einföld félög, eða LCE, líti loksins dagsins ljós



STARFSEMI FLE Á NÝLIÐNU ÁRI

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

Eftir óvenjuleg nánast tvö starfsár félagsins horfa nú hlutirnir vonandi til betri vegar þannig að félagsmenn geti farið að hittast í raunheimum. Allt erlent samstarf fór fram í gegnum Teams, taka þurfti ákvarðanir um fyrirkomulag viðburða stundum með litlum fyrirvara og nefndastarf leið að vissu leyti fyrir ástandið þó að Teams hafi verið notað í mörgum tilfellum. Heilt yfir verð ég þó að segja það að starfsemin gekk vel í öllum megin atriðum og ber þar ekki síst að þakka stjórn og nefndum félagsins og síðast en ekki síst ykkur félagsmenn góðir.

VIÐBURÐIR

Hér verður farið yfir helstu atriði hvað varðar þá viðburði sem félagið stóð fyrir á liðnu starfsári sem litaðist að miklu leyti af Covid-19 ástandinu bæði hvað varðar form og framboð.

Félagið stóð fyrir samtals 16 viðburðum á starfsárinu sem gáfu 45 einingar í endurmenntunar. Til samanburðar þá voru 14 viðburðir árið á undan sem gáfu 37 einingar. Heildarmæting á liðnu starfsári var um 1.630 samanborið við rúmlega 900 á starfsárinu á undan. Það má jafnframt geta þess að um 90% af heildarmætingu liðins starfsárs var rafræn. Heildarmæting á árunum fyrir Covid-19 hefur verið að meðaltali um 1.100.

Þetta er athyglisverð niðurstaða sem sýnir að áhrif Covid-19 voru meiri á síðasta starfsári heldur en á því ári sem við kveðjum núna. Megin ástæðan er sú að félagið tók þá ákvörðun í byrjun þessa starfsárs að bjóða uppá streymi sem og upptökur frá flestum atburðum félagsins. Þar var rennt blint í sjóinn hvað varðar bæði kostnað, þátttöku félagsmanna sem og ýmis tæknileg atriði sem varða upptökur og innheimtu. Það kom aftur á móti í ljós að þátttaka varð mun meiri en björtustu vonir stóðu til og einnig náði félagið hagstæðari samningum og fyrirkomulagi hvað varðar kostnað eftir því sem leið á starfsárið.

Hvað varðar þátttöku félagsmanna þá má ætla að þar hafi ýmis atriði haft áhrif. Stór hluti félagsmanna hefur væntanlega unnið heiman frá sér og þar af leiðandi í ákveðinni einangrun og því kærkomið að geta sinnt endurmenntun frá eldhúsborðinu. Einnig náðum við til fleiri félagsmanna með því að bjóða upp á streymi og upptökur. Það er því ljóst að félagið mun í framtíðinni bjóða upp á slíka valkosti í þeim tilfellum sem slíkt fyrirkomulag hentar og hefur það verið í nánari skoðun. Þar þarf bæði að hafa í huga hvers konar efni er til umfjöllunar hverju sinni og einnig formið. Þá er verið að skoða ýmis praktísk atriði eins og aðgang, kaup á rafrænu efni, skráningu, einingagjöf og





Stjórn FLE 2020-2021 í anda COVID-19

innheimtu greiðslna. Svo má ekki gleyma félagslega þættinum sem er mjög mikilvægur því ekki viljum við í framtíðinni eingöngu hittast í rafrænum heimi.

Haldin voru sex morgunkorn á starfsárinu og voru þau öll án mætingar. Þrjú þeirra voru tekin upp sérstaklega en ekki streymt, heldur veitt aðgengi að hverju þeirra fyrir sig á sérstakri Facebook síðu. Fjölludu þau um, IFRS 16 eða leigusamninga, skattlagningu íslenskra launþega sem vinna erlendis og í þriðja lagi um sviksemisáhættu. Að meðaltali 50 félagsmenn nýttu sér þennan möguleika sem er ásættanlegt en við gerðum okkur væntingar um meiri þátttöku. Tveimur morgunkornum var síðan streymt í rauntíma og án mætingar og var þátttökan þar í góðu lagi.

Sjötta morgunkornið var síðan unnið í samvinnu við Festu- miðstöð um samfélagsábyrgð og var því eingöngu streymt í rauntíma. Félagið bar allan kostnað af þessu korni og var það í boði án endurgjalds bæði fyrir félagsmenn FLE sem og Festu. Áhorf var afar gott eða rúmlega 180 fylgdust með streyminu.

Heildarþátttaka á morgunkorn, hvort heldur í streymi eða upptöku var tæplega 500 sem verður að teljast harla gott, en kornin gáfu 12 einingar. Þess má geta að á fyrra starfsári voru einungis haldin tvö korn.

Félagið stóð fyrir fjórum ráðstefnum á starfsárinu Reikningsskiladegi, Skattadegi, Endurskoðunardegi og Haustráðstefnu sem var eingöngu streymt og ekki með vinnustofufyrirkomulagi eins og áður greinir. Heildarþátttaka á þessum ráðstefnum var rúmlega 730 og þar af mæting í sal um 60. Þessar fjórar ráðstefnur gáfu 18 endurmenntunareiningar.

Til þess að ljúka upptalningunni þá stóð félagið fyrir sex námskeiðum og fræðslufundum þar sem heildarþátttakan var líðlega 400 félagsmenn, en mæting í sal var um 100. Þessir sex atburðir gáfu 18 einingar.

Að lokum má geta þess til gamans að þátttaka á eitt námskeiðið varð með ólíkindum eða tæplega 170 félagsmenn sem var eingöngu streymt, en tekið upp með aðgengi síðar, en það námskeið fjallaði um arðgreiðslur.

NEFNDARSTÖRF

Innan félagsins eru starfandi sex fastanefndir: Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Gæðanefnd, Menntunarnefnd, Reikningsskilanefnd og Skattanefnd.

Álitsnefndinni berast ýmis álitamál ár hvert, flest þeirra frá Nefndasviði Alþingis og svo er fylgst með samráðsgátt stjórnvalda, en þar birtast mál sem eru í vinnslu og getur framgangur





Áhugasamir félagsmenn á ráðstefnu

þeirra haft áhrif á störf félagsmanna. Því er eðlilegt að félagið reyni að hafa áhrif með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Á starfsárinu þótti ekki þörf á að veita neinar umsagnir um þingmál.

Endurskoðunarnefndin vann við að skoða aðra staðfestingarvinnu endurskoðenda en hluti af aðgerðum ríkisvalda gegn áhrifum COVID-19 gerði kröfu um staðfestingu frá endurskoðendum. Skoðað var hvernig endurskoðendur voru almennt að sinna þeirri vinnu, hvaða staðal og áritun var beitt, sem og leitað leiða til að samræma vinnubrögð. Eins var fylgst með því sem gerðist á alþjóða vettvangi varðandi nýjan LCE staðal og eins ESEF vegna gildistöku gagnsæistilskipunar Evrópusambandsins hér á landi sem snýr að rafrænu skýrslusniði ársreiknings og staðfestingu endurskoðanda. Fulltrúi úr nefndinni tók jafnframt þátt í stýrihóp á vegum ráðuneytisins um endurskoðun laga um bókhald.

Gæðanefnd hefur eingöngu starfað að nafninu til þetta starfsár vegna yfirfærslu gæðaeftirlits til Endurskoðendaráðs en mun væntanlega móta og endurmeta starf sitt á komandi starfsári þegar fyrir liggur niðurstaða ráðsins að afloknu þeirra fyrsta ári á grundvelli nýrra lagafyrirmæla hvað varðar gæðaeftirlit.

Menntunarnefnd hefur haft lítið fyrir stafni undanfarið vegna COVID-19 ráðstafana í háskólum landsins, en kom þó að skipulagi Hausráð-stefnunnar sem tókst þó að halda með vinnustofufyrirkomulagi í haust.

Reikningsskilanefnd hafði töluverða aðkomu að því að móta reglu Reikningsskilaráðs nr. 6 um reikningshaldslega meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Nefndin veitti einnig umsögn um áhersluatriði Ársreikningaskrár við eftirlit með ársreikningum 2020 fyrir útgáfu þeirra. Þá hefur formaður nefndarinnar verið í stýrihóp á vegum ráðuneytisins um endurskoðun laga um bókhald.

Skattanefnd vann að undirbúningi Skattadags FLE en mun tækla það verkefni fram á vor að skoða hvað betur má fara varðandi skatteyðublöð og annað sem snýr að endurskoðendum.

Því er ljóst að störf þessara nefnda og framlag þeirra einstaklinga sem þar leggja sitt af mörkum eru afar mikilvæg fyrir félagið og þeim því hér með færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

FRAMTÍÐARMÁL

Hér verða nefnd tvö mál sem munu væntanlega hafa mikil áhrif á störf okkar í náinni framtíð. Það er annars vegar nýr staðall um LCE (less complexed entities) sem nú er í umsagnarferli hjá IAASB og svo hins vegar sjálfbæriskýrslur út frá tilskipun EU.

Eins og okkur er öllum kunnugt þá hyllir loksins undir að sérstakur staðall fyrir lítil og einföld félög, eða LCE, líti loksins dagsins ljós. Alþjóðlega staðlaráðið IAASB hefur lagt fram slík-



Ungliðanefnd sá um gleðistund félagsins, frá vinstri: Anna Kristín, Sif og Steina Dröfn

an staðal til umsagnar og stendur það ferli fram í janúar 2022. Þá tekur við ákveðinn endasprettur eða innleiðingarferli hjá ráðinu þar sem farið verður yfir athugasemdir og ábendingar frá umsagnaraðilum sem getur staðið yfir í allt að 18 mánuði og standa því vonir til að staðalinn taki gildi á árinu 2024.

Þetta er búið að vera langt og strangt ferðalag sem má segja að Norræna endurskoðendasambandið hafi ýtt úr vör þegar það lagði ákveðinn þrýsting á alþjóðlega staðlaráðið með því að leggja fram drög að staðli sem á sínum tíma fékk heitið SASE.

Þess má geta að á vettvangi NRF er vinnuhópur að störfum þar sem fulltrúi frá Endurskoðunarnefnd FLE á sæti í og er stefnt að því að Norræna endurskoðenda-sambandið sendi alþjóðlega staðlaráðinu samnorræna umsögn um hinn nýja staðal.

Tilskipun Evrópusambandsins, eða CRSD tilskipunin (corporate sustainability reporting directive) hvað varðar skýrslur um sjálfbærni (sustainability reports) fyrir félög tengd almannahagsmunum frá því í apríl 2021 mun taka gildi á árinu 2023.

Evrópusambandið hefur jafnframt óskað eftir því við EFRAG (European financial reporting advisory group) að leggja fram grunn að tillögum fyrir væntanlegan staðal.

Það er mál manna að hér sé á ferðinni ein mesta áskorun seinni tíma fyrir endurskoðendur en um leið mikil tækifæri og

muni jafnvel stuðla að auknum áhuga efnilegra námsmanna á því að starfa sem endurskoðendur.

Fram undan er því ákveðinn aðlögunar- og undirbúningstími og því fylgja ýmsar áskoranir og verða nefndara þær fimm helstu sem komið hafa fram á fundum og samtölum á vettvangi NRF og Accountancy Europe :

Í fyrsta lagi er mikilvægt að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki geri sér grein fyrir því að innan 18 mánaða þurfa þau að vera búin að gera viðeigandi ráðstafanir hjá sér til að vera tilbúin þegar tilskipunin tekur gildi árið 2023.

Í öðru lagi þá er ákveðin óvissa til staðar eins og staðan er núna þar sem ekki liggur fyrir ákveðinn staðall, en að öllum líkindum mun IFRS stofnunin sem og ISSB (international sustainability standard board) koma þar að málum á næstu misserum þegar fyrir liggja skýrari kröfur frá EFRAG. Þar kemur m.a. til álita hvaða upplýsingar skuli gefa, nákvæmni þeirra og eðli.

Þegar staðalinn lítur dagsins ljós og hefur verið formlega samþykktur af Evrópusambandinu verður hann hinn laga-legi grunnur fyrir skýrslur um sjálfbærni. Á grundvelli þess staðals þarf einnig að taka afstöðu til hvers konar staðfestingu endurskoðendur munu gefa og samkvæmt hvaða staðli, þ.e. limited assurance eða resonable assurance. Til



Þessa hefur helst verið í umræðunni limited assurance út frá staðli ISAE 3000 til að byrja með sem gæti þróast yfir í resonable assurance eða jafnvel endurskoðun síðar.

Í þriðja lagi er mikilvægt að það sé ákveðinn stöðugleiki með hvaða hætti endurskoðendur gefi staðfestingu á sjálfbærni-skýrsluna og að það sé sameiginleg niðurstaða innan stéttarinnar svo allir framkvæmi þá vinnu með sambærilegum hætti.

Í fjórða lagi er alveg ljóst að við tilkomu slíkrar skýrslu sem skýrsla um sjálfbærni er að þá verður til staðar ákveðið flækjustig þar sem þær upplýsingar sem þar koma fram eru allt annað en fjárhagslegar upplýsingar liðins árs sem við erum von að nálgast samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Hér stöndum við frammi fyrir upplýsingum sem horfa til framtíðar hjá fyrirtækinu sem og upplýsingar sem getur reynst erfitt að fá tölulegar og/eða haldbærar upplýsingar um.

Í fimmta og síðasta lagi kallar sjálfbærniskýrslan fram ákveðnar áskoranir fyrir endurskoðendur þar sem kunnátta og menntun á þeim sviðum sem skýrslunni er ætlað að draga fram er að takmörkuðu leiti til staðar, hvorki í vinnu okkar í dag né heldur í þeirri menntun sem við höfum hlotið á þeirri vegferð að verða endurskoðendur.

Því verður þetta mikil áskorun fyrir starfandi endurskoðendur sem og félög endurskoðenda að koma ákveðinni þekkingu á framfæri í gegnum endurmenntun og jafnframt þarf háskólaumhverfið að taka tillit til þessa við sitt námsframboð sem og að þessi þekking rati inn í löggildingarferlið.

Framangreindu til viðbótar hafa ýmis önnur atriði verið til umræðu eins og hvort um verði að ræða eina skýrslu eða tvær þ.e. hinn hefðbundni ársreikningur sem við þekkjum og svo hins vegar skýrsla um sjálfbærni. Og einnig er ábyrgð endurskoðandans á skýrslu um sjálfbærni stórt mál sem þarfnast frekari umræðu.

AÐ LOKUM

Fráfarandi stjórn og nefndum er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og ykkur öllum góðir félagsmenn fyrir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu ári.

Sigurður B. Arnþórsson



Um leið og við erum komin af stað með kaffi í pappamáli stóreykst hættan á að hella niður kaffinu en hættan er auðvitað mismikil eftir því hvað við gerum á meðan við erum með kaffibollann í hendinni

LATTELEPJANDI ÁHÆTTUMAT

Anna Sif Jónsdóttir, innri endurskoðandi Kviku

Við þekkjum flestöllum að hafa staðið við afgreiðsluborð á kaffihúsi og velt því okkur hvort við ættum að fá kaffi í pappamáli eða bolla. Til að svara þessari spurningu þurfum við að hugsa hvar við ætlum að drekka kaffibollann ljúfa. Auðvitað er lang minnsta áhættan á að hella kaffinu niður ef sest er við borð á meðan við njótum drykkjarins. Um leið og við erum komin af stað með kaffi í pappamáli stóreykst hættan á að hella niður kaffinu en hættan er auðvitað mismikil eftir því hvað við gerum á meðan við erum með kaffibollann í hendinni. Það er tiltölulega áhættulítið að labba á jafnsléttu með bollann en fæst okkar ákveða að fara á hoppudýnu eða trampolín með kaffimál í hendinni einfaldlega vegna þess að þá stórauðast líkurnar á að hella bollanum niður, jafnvel á óþægilega staði eða á fötin okkar.

Ég er ein af þeim sem stunda áhættuhegðun með sneisafullt götumál alla daga og það hefur ýmislegt gengið á í minni götumáls kaffidrykkju seinustu vikurnar. Einn laugardagsmorgun var ég á leið út á land með vinkonu minni og auðvitað var ég með sneisafullt götumál í þartilgerðu hólfi milli framsætanna. Við vorum varla komnar af stað þegar hvítur Dacia Duster stoppar óvænt fyrir framan mig þannig að ég þurfti að snarhemla. Pappamálið góða hoppar upp úr hólfinu og á hliðina yfir alla innréttinguna og hvíta teppið á bílnum auk þess sem síminn minn flaut í kaffipollni í bollahólfinu. Upphófst mikil viðgerðastarfsemi, bæði þurfti að redda nýjum kaffibolla og þrifa bílinn en umsjónarmaður bifreiðamála á heimilinu var ekkert sérstaklega hress með stöðuna þegar bíllinn skilaði sér heim.

Eftir þetta ákvað ég að gera það sem ég er alltaf að segja börnunum mínum að gera, það er að læra af reynslunni og fór að iðka það að vera með lok á pappamálinu en það er ansi góð eftirlitsaðgerð þegar stunduð er ýmis konar áhættuhegðun með kaffi í pappamáli. Næsta laugardagsmorgun var stefnan tekin á göngu og auðvitað þurfi ég að taka með mér sneisafullt pappamál í bíl vinkonu minnar. Þar sem ég sat afturí var ekki hólf fyrir götu-

mál og mér fannst besta hugmynd í heimi að setja pappamálið á boxið milli framsætanna og segja engum frá því! Þarna setti ég pappamálið á stað þar sem mikil hættu væri á að það færi á hliðina og það hefði verið gáfulegt að upplýsa samferðamenn mína um áhættuna, sem ég gerði ekki. Það næsta sem gerist var að farþeginn í framsætinu rekur olnbogann í pappamálið og innihaldið fer út um allan bíl, og á mig. Þarna var áhættan sem fólst í staðsetningunni, og óupplýstum samferðamönnum, að eftirlitsaðgerðin sem lokið á pappamálinu er, hélt engu.

Þetta óhapp varð þó ekki til þess að ég færi að breyta mínum háttum, enn drekk ég mitt kaffi mestmegnis on the go í pappamáli en þó með loki. Eitt af því sem eykur áhættu, og taka þarf inn í áhættumat hverju sinni, er hraði en hann verður alltaf til þess að áhætta eykst. Þetta veit ég mætavel en stundum á ég það nú samt til að vera á mikilli hraðferð og drekka kaffi úr pappamáli. Það var einmitt það sem ég ákvað að gera um daginn þegar ég var á leiðinni á fund að hitta fólk sem ég kem til með að vinna með og var að hitta í fyrsta skipti, sem sagt dálítið mikilvægur fundur. Ég dríf mig af stað í lyftuna með pappamál í annarri, minnisbók í hinni, bíllyklana í þriðju og þarf aðeins að beita lagni til að yta á takkann í lyftunni og þá kemur í ljós að lokið á pappamálinu er ónýtt og hrekkur af þannig að innihaldið fer út um allt en mest á hvítu skyrtuna mína og jakkann. Ónýtt lok á pappamáli er í raun óvirk eftirlitsaðgerð og ég mætti á fundinn í hnepptum jakka, út af stórum brúnum bletti, og með kaffiblauta ermi.

En er ég hætt að drekka kaffi úr pappamáli eftir allar þessar hrakfarir á stuttum tíma? Nei, en ég er að hugsa um að fá mér götumál með skrúfuloki, þá hlýtt ég að vera góð.

Höfundur er innri endurskoðandi Kviku banka og þessi grein er byggð á sönnunum atburðum.

Anna Sif Jónsdóttir



Skipan stjórnar og fastanefnda FLE

Starfsárið 2021 - 2022



Félagsstjórn frá vinstri: Hólmgrímur Bjarnason formaður, Hlynur Sigurðsson varaformaður, Ingunn Hafðís Hauksdóttir, Eymundur Sveinn Einarsson og Sighvatur Halldórsson

Álitsnefnd: Hólmgrímur Bjarnason formaður, Hlynur Sigurðsson varaformaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir, Margrét Pétursdóttir, J. Sturla Jónsson og Margret Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd: Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir formaður, Guðmundur Óli Magnússon, Eyþór Guðjónsson og Hrafnhildur Helgadóttir

Gæðanefnd: Ragnar Sigurmundsson formaður, Ísak Gunnarsson, Berglind Klara Daníelsdóttir og Rúnar Bjarnason

Menntunarnefnd: Arna G. Tryggvadóttir formaður, Gunnar Þór Tómasson, Hildur Sigurðardóttir og Mikael Símonarson

Reikningsskilanefnd: Gunnar Snorri Þorvarðarson formaður, Helgi Einar Karlsson, Andri Guðmundsson og Þórunn Mjöll Jónsdóttir

Skattanefnd: Heiðar Þór Karlsson formaður, Kjartan Arnfinnsson, Anna Þóra Benediktsdóttir og Steingrímur Sigfússon

Til hamingju með afmælið - árið 2022

Nafn endurskoðenda	Aldur
Anna Guðrún Gunnlaugsdóttir	30
Brynja Dögg Guðjónsdóttir	30
Árni Grétarsson	40
Elín Hanna Pétursdóttir	40
Eyþór Guðjónsson	40
Fannar Ottó Viktorsson	40
Gunnar Þór Tómasson	40
Gunnar Þorvarðarson	40
Harpa Vífilisdóttir	40
Hjördís Ýr Ólafsdóttir	40
Jóhann Línal Jóhannsson	40
Kristján Þór Ragnarsson	40
Margrét Lilja Tryggvadóttir	40
Mikael Símonarson	40
Pétur Hansson	40
Sveinn Rafn Eiðsson	40
Birgir Grétar Haraldsson	50
Elva Dröfn Sigurðardóttir	50
Helgi Nielsson	50
Alfreð Atlason	60
Ásbjörn Björnsson	60
Barði Ingvaldsson	60

Nafn endurskoðenda	Aldur
Garðar Jón Bjarnason	60
Jón Þorgeir Einarsson	60
Jónas Guðbjörnsson	60
Sigríður Ármannsdóttir	60
Sigurður B. Sigurþórsson	60
Þorbjörg Erla Ásgeirsdóttir	60
Þorgils Óttar Mathiesen	60
Jón H. Skúlason	70
Tryggvi E. Geirsson	70
Björn Ó. Björgvinsson	75
Guðmundur J. Þorvarðarson	75
Guðmundur Óskarsson	75
Guðmundur Þ. Frimannsson	75
Kristinn Gestsson	75
Ragnar Hafliðason	75
Stefán Bergsson	75
Viðar G. Elísson	75
Hermann Árnason	80
Ólafur G. Sigurðsson	80
Ólafur Nilsson	85
Sveinn Jónsson	85



DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
27. jan.	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Reikningsskil	2
28. jan.	Skattadagur	Grand hótél og streymi	Ráðstefna	Skattamál	3.5
24 feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið- vinnustofa	Óákveðið	2
24. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
28. apríl	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
19. maí	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Óákveðið	2 - 3
20. maí	Endurskoðunardagur	Grand hótél og streymi	Ráðstefna	Endurskoðun	3 - 4
25. maí	Námskeið	Skrifstofa FLE	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	2
6. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
22. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
23. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
23. sept.	Gleðistund	Óákveðið	Skemmtun	Léttmeti	
20. okt	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
10. nóv.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
11. nóv.	Haustráðstefna	Hilton Reykjavík Nordica	Ráðstefna - vinnustofur	Fjölbreytt	5
11. nóv.	Aðalfundur	Hilton Reykjavík Nordica	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
8. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3